

Þær voru svo góðar við hana



Kaótískasti kór Íslands fagnar



Rafhjólatrygging TM er hugsuð fyrir þig



Fréttir > 2

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

91. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 11. MAÍ 2022



Áfram Systur!

Systurnar Sigríður, Elín og Elísabet Eypórsdætur stígu á sviði í Törínó á Ítalíu í gær og tryggðu Íslandi sæti í úrslitum Eurovision-söngvakeppninnar á laugardagskvöld með glæsilegum flutningi á laginu Með hækkandi sól eftir Lay Low. Félagar úr Félagi áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fylgdust með á Kex Hostel og fögnuðu vel og innilega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samfylkingin stóreykur fylgi sitt í Hafnarfirði


Meirihluti Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna fellur í Hafnarfirði þrátt fyrir að bæta við sig prósentustigi samkvæmt nýrri könnun. Samfylkingin bætir mikið við sig.

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Samfylkingin er í stórsókn í Hafnarfirði samkvæmt nýrri könnun Próents. Flokkurinn mælist nú með 31 prósent og fjóra bæjarfulltrúa en í kosningunum árið 2018 fékk hann rúmlega 20 prósent og hefur tvo fulltrúa í dag. Athygli vekur að fylgisaukningin kemur ekki á kostnað Sjálfstæðisflokksins sem mælist áfram stærstur í sveitarfélaginu. Í könnuninni heldur Sjálfstæðisflokkurinn sínum 34

prósentum sem hann fékk árið 2018 en missir hins vegar einn fulltrúa. Í þriðja sæti kemur Framsóknarflokkurinn, sem situr í meirihluta með Sjálfstæðisflokki, með 9 prósent sem er bæting um 1 prósentustig frá síðustu kosningum. Bæði Viðreisn og Píratar mælast með 7 prósent og einn mann inni en Píratar hafa engan í dag. Þrjú framboð mælast ekki inni með mann. Það er Bæjarlistinn, Miðflokkurinn og Vinstri græn sem hafa á bilinu 4 til 5 prósent. Bæði Bæjarlistinn og Miðflokkurinn hafa einn bæjarfulltrúa í dag. Samkvæmt þessari könnun myndi því meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks falla á einum manni þrátt fyrir að hafa samanlagt bætt við sig einu pró-

Fylgi flokka í Hafnarfirði



sentustigi. Er það vegna þess hvernig fulltrúar skiptast á aðra flokka samkvæmt d'Hondt-reglu en hluti atkvæða hefur engan fulltrúa á bak við sig. Sjálfstæðisflokkurinn heldur best á kjösendum sínum frá 2018. Ætla 76 prósent þeirra að kjósa hann aftur. Samfylkingin tekur hins vegar mjög mikið fylgi af öðrum flokkum, til að mynda 42 prósent af þeim sem kusu Pírata árið 2018, 39 prósent af kjösendum Vinstri grænna og 37 af kjösendum Bæjarlistans. Aðeins 22 prósent ætla að kjósa Bæjarlistann aftur og 21 prósent Vinstri græn. Töluverður fylgismunur mælist í pósthúsum tveimur. Sjálfstæðisflokkurinn er með 45 prósentu fylgi á Völlum, það er í pósthúsi 221, en aðeins 25 pró-

sent í 220, sem er Miðbær og önnur grónari hverfi Hafnarfjarðar. Samfylkingin mælist aftur á móti með 36 prósent í pósthúsi 220 en aðeins 24 prósent á Völlum. Flestir Hafnfirðingar vilja sjá Guðmund Árna Stefánsson, oddvita Samfylkingarinnar og fyrrverandi ráðherra, sem bæjarstjóra á ný, eða 34 prósent. Hann var bæjarstjóri árin 1986 til 1993. Lítið færri, eða 32 prósent, vilja að Rósa Guðbjartsdóttir úr Sjálfstæðisflokki haldi áfram sem bæjarstjóri. Valdimar Víðisson, oddviti Framsóknarflokks, fær 9 prósent og aðrir 5 prósent eða minna. Könnunin var netkönnun framkvæmd 3. til 10. maí. Úrtakið var 680 einstaklingar og svarhlutfallið 50,5 prósent. ■

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA AFHENDING

Misnotuðu gögn frá Læknafélaginu

gar@frettabladid.is

PERSÓNUVERND Fyrirtækið HEI – Medical Travel hefur fengið 1,5 milljóna króna sekt fyrir að nýta upplýsingar af innri vef Læknafélags Íslands. HEI aðstoðar fólk við að sækja sér heilbrigðisþjónustu erlendis.



Guðbjartur Sigurbjartsson, framkvæmdastjóri HEI

„HEI hafði nýtt netfangalista sem starfsmaður fyrirtækisins hafði aflað með því að skrá sig inn á innri vef Læknafélags Íslands, með aðgangi læknis sem tengdur var starfsmanninum fjölskylduböndum, og sótt þaðan netföng fjölda lækna,“ segir í niðurstöðu Persónuverndar. HEI hefði ekki gengið úr skugga um að það mætti afla netfanganna. Brotið hafi verið framið af stórfelldu gáleysi.

„HEI eyddi persónuupplýsingum kvartanda eftir að aðgangsbeiðni barst og var réttur kvartanda til aðgangs að persónuupplýsingum sínum hjá fyrirtækinu því ekki virtur. Var því lagt til grundvallar að síðarnefnda brotið hefði verið framið af ásetningi.“ ■

Kranar kankast á



Pessa dagana er unnið við að taka niður byggingarkrana á lóðinni við Lækjargötu þar sem nýtt hótél Íslandshótela hefur verið í smíðum um alllangt skeið. Framkvæmdir lágu að mestu niðri um hríð vegna kórónaveirufaraldursins en nú virðist vera farið að hilla undir verklok. Lækjargata hefur nú verið lokað til hálf framan við lóðina í riflega þrjú ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ríkið að skoða kaup á Fjaðrárgljúfri

bth@frettabladid.is

NÁTTÚRUVERND Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tjáir sig ekki að sinni um hvort hún hafi pólitíska skoðun á því hvort ríkið eigi að nýta forkaupsrétt og kaupa jörðina Heiði til að Fjaðrárgljúfur verði í opinberri eigu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hafa seljendur ættarlandsins Heiðar gengið að tilboði frá Íslendingi sem býður samkvæmt heimildum blaðsins 300-350 milljónir króna í landið.

Fjaðrárgljúfur er skrautfjöður eignarinnar. Mikill fjöldi gesta sækir gljúfrið heim ár hvert.

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu er málið í vinnslu hjá stjórnvöldum.

Ríkisstjórnin hefur um einn mánuð til stefnu áður en ákvörðun verður tekin um það hvort ríkið gangi inn í kaupin.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst heyrir málið að mestu undir umhverfis-, auðlinda- og orkuráðherra, Guðlaug Þór Þórðarson. Álit Katrínar og Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra mun þó einhverju ráða áður en ríkið ákveður hvort kaupa skuli náttúruperluna eða ekki.

Katrín mun ekki tjá sig meðan málið er í vinnslu samkvæmt svörum ráðuneytisins. Hvorki náðist í Guðlaug Þór Þórðarson né Bjarna Benediktsson í gær. ■

Stjörnumeðferð hjá Systur

Mæðgurnar Kristín Tómasdóttir og Ylfa Guðlaugsdóttir eru í Tórinó á Ítalíu þar sem þær ætla að styðja Systur í fyrri undankeppni Eurovision-söngvakeppninnar. Kristín segir slíka mæðgnaferð lengi hafa staðið til.

elamaria@frettabladid.is

EUROVISION „Þetta er búið að vera æðislegt hjá okkur. Við lentum í Milánó á sunnudaginn og fórum beint í gervineglur,“ segir Kristín Tómasdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur.

Kristín og dóttir hennar, Ylfa Guðlaugsdóttir, eru nú í Tórinó þar sem þær ætla að styðja Systur í fyrri undankeppni Eurovision-söngvakeppninnar.

Kristín segir það lengi hafa staðið til að fara í mæðgnaferð með dóttur sinni á Eurovision.

„Ylfa fékk ferð á keppnina í átta ára afmælisgjöf frá okkur foreldrunum, þegar Daði og Gagnamagnið áttu að keppa í Hollandi. En svo kom Covid. Og núna, loksins, þremur árum seinna náum við að efna loforðið,“ segir Kristín.

Að sögn Kristínar er Ylfa gríðarlega mikill Eurovision-aðdáandi og segir hún það enga tilviljun að dóttir hennar elski keppnina.

„Eurovision hefur verið vettvangur þar sem er pláss fyrir hinsegin fólk. Ylfa fattaði það mjög snemma að þarna var eitthvað sem hreif hana,“ segir Kristín og bætir við að Ylfa sé trans. Þannig segir Kristín boðskap Systra því sérstaklega dýrmætan fjölskyldunni.

„Þessi rödd sem þær gefa trans börnum er svo ótrúlega mikilvæg, sérstaklega fyrir okkur sem lifum og hrærumst í þessum heimi alla daga. Okkur finnst frábært að sú umræða sé tekin á öðrum vettvangi og að rödd trans barna sé haldið á lofti,“ segir Kristín.

Þegar spjallað var við Kristínu í gær voru þær mæðgur nýkomnar



Ylfa hitti Systur í gær en þær hafa verið ötulur við að nýta Eurovision-vettvanginn til að vekja athygli á réttindum trans barna.

MYND/ADSEND



Eurovision hefur verið vettvangur þar sem er pláss fyrir hinsegin fólk. Ylfa fattaði það mjög snemma að þarna var eitthvað sem hreif hana.



Kristín Tómasdóttir, móðir Ylfu

heim á hótél eftir að hafa varið deginum með Systur, sem Kristín sagði að væru mjög uppteknar af Ylfu.

„Þær voru svo góðar við hana og tóku henni svo vel að það var ekki eðlilegt, hún fékk algjöra stjörnumeðferð,“ sagði Kristín. Fram undan væri svo sjálf undankeppnin og þær mæðgur væru að fara að klæða sig upp á.

„Við ætlum að gera okkur mjög „glamorous“ fyrir kvöldið, mála okkur og gera okkur finar. Ylfa er svo mikil drottning, hún ætlar að vera í hvítri dragt og glimmerskóm,“ sagði Kristín.

Spennan var því í hámarki hjá þeim mæðgum eftir langa bið.

„Eurovision er bara geggjað „show“, það er svo vel staðið að öllu og mikið lagt í þetta. Dagskráin og skemmtiatriðin eru svo flott og okkur finnst geggjað að söngvarinn Mika sé kynnr í kvöld,“ sagði Kristín sem var bjartsýn á að Systur næðu að heilla Evrópu.

„Við Ylfa höldum algjörlega með Systur, þær komast pottþétt áfram,“ sagði Kristín. ■

Flutningur læknastofu

Hef flutt læknastofu mína úr Domus Medica í Læknahúsið dea medica Glæsibæ, Álfheimum 74, 7.hæð,104 Reykjavík.

Tímabókanir milli kl. 8 og 16 í síma: 5151600

Nánari upplýsingar á kllaekningar.is

Karl Logason æðaskurðlæknir

Troðfull verslun
af merkjavöru
frá eftirtöldum
verslunum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND


BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda
Kringlunni

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg



Herra
Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

HANZ
KRINGLUNNI

Kvenvara **60%** afsláttur

Herravara **40-50%** afsláttur

Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Ópið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Þriðjungur segist nú vilja Dag B. Eggertsson sem borgarstjóra

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Af þeim sem taka afstöðu í Reykjavík vilja 34 prósent að Dagur B. Eggertsson verði áfram borgarstjóri. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents. Í könnun 28. apríl fékk Dagur 30 prósent fylgi. Dagur er með meira en helmingi meira fylgi en Hildur Björnsdóttir hjá Sjálfstæðisflokknum, sem hefur 16 prósent og missir 3 prósentustig

milli kannana. Einar Þorsteinsson Framsóknarflokki er með 15 prósent, sem er bæting um 2. Dóra Björt Guðjónsdóttir hjá Pírötum hefur 11 prósent, Sanna Magdalena Mörtudóttir hjá Sósíalístum 10, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir Viðreisn 5, Kolbrún Baldursdóttir Flokki fólksins 4, Líf Magneudóttir Vinstri grænum 3 og Ómar Már Jónsson Miðflokki 1 prósent. Aðrir mælast ekki.



Dagur leiðir í öllum aldurshópum og öllum tekjuhópum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dagur hefur mest fylgi eigin flokksmanna, 91 prósent, og hefur fylgi hjá stuðningsmönnum allra annarra flokka nema Miðflokksins. Líf Magneudóttir hefur minnst fylgi eigin flokksmanna, 46 prósent, en 39 prósent stuðningsfólks VG vilja Dag sem borgarstjóra. Dagur hefur einnig meira en 20 prósent fylgi stuðningsfólks Viðreisnar og Pírata. Mest fylgi hefur Dagur í miðborginni, 59 prósent, en hann leiðir

í flestum hverfum borgarinnar. Í Grafarholti og Úlfarsárdal deilir hann þó forystunni með Einari Þorsteinssyni. Kolbrún Baldursdóttir leiðir í Breiðholti með 25 prósent fylgi og Hildur Björnsdóttir í Grafarvogi með 24 prósent. Dagur hefur meiri karlhylli en kvenhylli, 38 prósent á móti 30. Könnunin var netkönnun gerð 5. til 9. maí. Úrtak var 1.750 einstaklingar og svarhlutfallið 50,4 prósent. ■

Milljónir til eldra fólks og fatlaðra

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, undirritaði í gær samning við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um sérstök sumarverkefni á vegum Styrktarfélagsins. Lagðar verða til 56,5 milljónir króna til að efla orlofsþjónustu og styrkja félagslega samveru fullorðinna fatlaðra í kjölfar einangrunar vegna Covid-19. Þá fara 60 milljónir króna til að efla félagsstarf fullorðinna. ■



Lottókúlurnar hafa verið 40 síðan árið 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Líkur á vinningi í Lottó verða minni

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Samkvæmt drögum að nýrri reglugerð um Íslenska getspá hækkar verðið á hverri röð í Lottó og kúlunum verður fjölgað í 42. Þá minnka líkur á að vinna þann stóra mikið. Röð í Lottó kostar nú 130 krónur en á að hækka í 150 krónur. Kúlurnar í Lottó voru 32 árið 1986. Eftir tvö ár var kúlunum fjölgað í 38 og í 40 árið 2008. Fjöldi kúlna hefur áhrif á líkurnar. Í dag eru líkurnar á að vinna fyrsta vinning, það er fimm rétta, 1 á móti 658.008. Eftir breytinguna, sem á að taka gildi 26. júní, minnka þær í 1 á móti 850.668. ■

Erfiðir dagar hjá Hildi Björnsdóttur

Hörmuleg kosningabaráttu Sjálfstæðismanna er ein skýring fylgishruns að mati stjórnmálafræðings. Flokkurinn er sagður ósamstíga og hafa veðjað á rangan hest í skipulagsmálum.

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Það eru erfiðir tímar hjá Hildi Björnsdóttur, oddvita Sjálfstæðismanna í Reykjavík. Ein skýring fylgishruns í borginni er ósamstaða innan flokksins og hörmuleg kosningabaráttu að mati fræðinga. Landsmálin og þá einkum Íslandsbankasalan virðast einnig hafa áhrif.

Könnun Prósents fyrir Fréttablaðið mældi í fyrradag að fylgi Sjálfstæðismanna væri aðeins 16,2 prósent í borginni. Niðurstaðan hefur vakið gríðarlega athygli, enda var tíðin sú að Sjálfstæðismenn fengu hreinan meirihluta áratugum saman. Árið 1990 fékk flokkurinn 60,44 prósent fylgi undir forystu Davíðs Oddssonar.

Grétar Þór Eyþórsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur í sveitarstjórnarkosningum, segir enga sérstaka ástæðu til að álykta að könnun Prósents sé ekki marktæk.

„Það er greinilegt að nú hrikir alvarlega í stöðum flokksins í Reykjavíkurborg, þessu höfuðvígi Sjálfstæðismanna til margra áratuga,“ segir Grétar Þór.

Hann segir stöðuna mjög fréttænæma, hvort sem fylgi flokksins verður samkvæmt mælingunni eða skriður jafnvel dálítið yfir 20 prósentin eins og gæti orðið ef ungir skila sér illa á kjörstað. Í öllu falli stefni í mikið tap frá síðustu kosningum.

Spurður hvað hann telji helst skýra fylgishrunið nefnir Grétar Þór andstöðu Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar 2018 við þéttingu



Ómarkviss kosningabaráttu er meðal þess sem stjórnmálafræðingar nefna sem ástæðu fyrir fylgistapi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Grétar Þór Eyþórsson, stjórnmálafræðiprófessor



Stefanía Óskarsdóttir, stjórnmálafræðingur



Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar

byggðar, Borgarlínu og umhverfisvænar áherslur í samgöngum. Sagan sýni að flokkar sem hafi barist fyrir þessu hafi hljómgrunn meðal borgarbúa. Þá segir hann að svo virðist sem landsmálin, einkum Íslandsbankasalan, skýri að einhverju leyti hrun fylgisins. Landsmálin hafi tilhneigingu til að hafa meiri áhrif í stærri sveitarfélögum.

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir mælingar sýna að fylgistap Sjálfstæðisflokksins hafi byrjað í nóvember í borginni. Nú sé hægt að tala um hrun. Um skýringar segir hún að borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins hafi verið mjög klofinn. Flokkurinn hafi verið lengi að koma sér saman um uppstill-

ingaraðferð, hart hafi verið barist í prófkjöri og í ljós hafi komið áherslunur manna á milli. „Það eru ekki allir sem ganga í takt í hópnum og það smitar út frá sér,“ segir Stefania.

Um kosningabaráttu Sjálfstæðismanna undanfarið er Stefania ómyrk í máli: „Kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins er hörmuleg,“ segir hún og bætir við að þau framboð sem fá nú góða mælingu virðist leggja mikla hugsun í samfélagsmiðla.

Stefanía telur líkt og Grétar Þór að landsmálin skýri fylgistap Sjálfstæðismanna að einhverju marki í borginni.

Grétar Þór og Stefania telja bæði að Samfylkingin mætti vel við una ef

flokkurinn heldur fylgi sínu frá 2018, enda sé það mun meira en á landsvísi. „Ef þetta verður niðurstaðan er um að ræða mikla traustsyfirlýsingu við Dag B. Eggertsson,“ segir Stefania.

Bæði nefna að staðbundið traust til Pírata virðist mun meira í borginni en á landsvísi. Það yrði saga til næsta bæjar ef Píratar ná að skáka Sjálfstæðismönnum. Píratar mælast nú með 17,9 prósent.

Þá eru Stefania og Grétar Þór samála um að það séu miklar fréttir hve góða mælingu Framsóknarflokkurinn fær. Upptaktur þess hafi orðið í síðustu þingkosningum.

„En það eru erfiðir dagar fram undan hjá Hildi Björnsdóttur,“ segir Stefania. ■



ODDVITASLAGUR STÆRSTU BÆJANNA

X22

Í KVÖLD KL. 19.00

Fréttavaktin á Hringbraut lengist í vikunni fyrir kjördag en þá mæta oddvitar allra framboðanna í fimm stærstu bæjarfélögum landsins í sjónvarpssal og sannfæra kjósendur um ágæti sinna áherslumála.



Reykjanesbær á mánudagskvöld
Kópavogur á þriðjudagskvöld
Akureyri á miðvikudagskvöld
Hafnarfjörður á fimmtudagskvöld
Reykjavík á föstudagskvöld

Vinir við vegin



olis



Vatnsmagn Lambhagafoss mun skerðast með Hnútuvirkjun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hnútuvirkjun á 30 daga kærufresti

bth@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps auglýsir nú í vikunni að niðurstaða sveitarstjórnar um að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hnútu-virkjun í Hverfisfljóti sé kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Út frá fyrri yfirlýsingum andstaðinga virkjunarinnar má ætla að framkvæmdaleyfið verði kært, enda er virkjunin í hópi þeirra umdeildustu á síðari tímum.

Fulltrúar minnihlutans í Skaftárhreppi segja að um brot á náttúruverndarlögum sé að ræða. Undir það tekur framkvæmdastjóri Landverndar.

Í auglýsingu skipulagsfulltrúa segir að framkvæmdaleyfið sé gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin sé í samræmi við samþykktar breytingar á skipulagi. ■

Segir stafræn brot á neytendum hafa stóraukist en að fólk geti varið sig

Neytendasamtökin fengu þrettán milljóna króna styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til að efla starf vegna stafrænna brota á neytendum. Breki Karlsson, formaður samtakanna, segir ábendingum um slík brot hafa fjölgað mikið. Mikilvægt sé að neytendur séu vel vakandi er verslað sé á netinu.

emd@frettabladid.is

„Við erum að vonum mjög ánægð með þetta fjárframlag og erum þegar farin af stað. Fyrsta skrefið var að birta auglýsingamyndband á heimasíðu okkar, ns.is, þar sem við vekjum athygli á njósnum á netinu,“ segir Breki og bætir við að slíkar njósnir séu viðtækari en fólk grunar.

„Þetta er orðið það algengt að NATO er farið að skilgreina söfnun upplýsinga á netinu sem þjóðar-ógn. Til dæmis er Austurríki búið að banna þarlandum vefsíðum að nota Google Analytics, sem nánast hver einasta íslenska vefsíða notar, þar á meðal heimasíður Alþingis og Stjórnarráðsins,“ segir hann.


Breki segir verkefnið á fyrstu stigum þessa dagana en að áætlanir standi til að vinna ötullega að því að fræða almenning út allt árið.

„Á næstu mánuðum munum við koma fram með leiðbeiningar um netsvindl og netverslun. Netið hefur í för með sér ýmsar hættur og oft gleymum við eða áttum okkur ekki á þessari gígantísku söfnun á upplýsingum um okkur,“ segir Breki.

Leikir á Facebook eru að sögn Breka gott dæmi um njósnir. „Með því að taka þátt ertu oft að gefa aðgang að þér og þínum upplýsingum, sem einhverjir aðilar geta þá tekið saman og nýtt sér,“ segir hann.

Þegar kemur að netsvindli segir Breki það vera að færast í aukana.

„Við erum reglulega að fá inn á borð til okkar ábendingar um að



Tölvupóstur þar sem tilkynnt er um póstsendingu er dæmi um netsvindl sem íslenskir neytendur verða fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

fólk fái tölvupóst þar sem segir að póstsending bíði viðkomandi, en það þurfi bara að greiða ákveðna upphæð. Svo fær það hlekk að greiðslufyrirmælum og áttar sig

ekki á því að það er kannski að samþykkja að greiða mikið hærri upphæð, og jafnvel í evrum eða öðrum gjaldmiðlum,“ varar Breki við.



Ef eitthvað hljómar of gott til að vera satt, þá er það í flestum tilfellum líklegast raunin.



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

„Þetta er náttúrulega margra milljarða iðnaður sem er sífellt að verða betri og betri. Þetta er ekkert annað en skipulögð glæpastarfsemi sem þarf að vinna gegn,“ heldur Breki áfram. Hann telji neytendur geta gert ýmislegt til að verja sig gegn slíkum brotum.

„Það er nauðsynlegt að fólk kanni vel og vandlega þá slóð sem því er sagt að smella á og spyrji sig: Áttu raunverulega von á sendingu? Og ef svo er, er þetta sú sendingarþjónusta sem þú átt von á? Svo er það líka þannig að ef eitthvað hljómar of gott til að vera satt, þá er það í flestum tilfellum líklegast raunin,“ segir formaður Neytendasamtakanna. ■

ÚRVAL ÚTSÝN

PORTÚGAL

9 DAGA FERÐ, FLUG, GISTING OG FARARSTJÓRN

VINSÆLT

29. MAÍ - 07. JÚNÍ

CLUBE ALBUFEIRA 3*

SUPERIOR ÍBÚÐ

VERÐ FRÁ 89.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

29. MAÍ - 07. JÚNÍ

GRAND MUTHU FORTE 4*


ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI

VERÐ FRÁ 89.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á UU.IS

Fermetraverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu eftir hverfum (Í þúsundum króna)



Verðmunur fasteigna eykst milli hverfa

bth@frettabladid.is

FASTEIGNAMARKAÐUR Meðalfermetraverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu fyrstu þrjá mánuði ársins var 625.000 krónur.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá sem fasteignasalan Pálsson birtir á heimasíðu sinni er hæsta verðið í miðborginni. Þar kostar fermetrinn nú að meðaltali 744.000 krónur miðað við þau fasteignaviðskipti sem áttu sér stað fyrstu þrjá mánuði ársins.

Næsthæst er fermetraverðið á Seltjarnarnesi, 702.000 krónur. Garða-

bæ vermir þriðja sætið yfir heitustu staðina en þar er meðalverð á fermetra 686.000 krónur.

Lægst er fermetraverðið í Breiðholti, 471.000 krónur. Munurinn á miðborginni og Breiðholti er 58 prósent.

Hannes Steindórsson, formaður Félags fasteignasala, segir verðmun eftir hverfum vera að aukast. Í því samhengi verði þó að hafa í huga að fermetraverð ráðist hverju sinni af aldri húsnæðis, stærð og fleiri þáttum. Því geti verið um ýktan mun að ræða í þessu tilviki, of fáar sölu til að hægt sé að álykta um of. ■

SAMSUNG

A-línan er fyrir alla

Galaxy A33 | A53 5G



samsungmobile.is

■ Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



Ekki aftur

Ísland hefur í hendi sér einstakt tækifæri til umhverfisvænnar matvælaframleiðslu í takt við breyttar neysluvenjur.

Þessi tækifæri felast í stórukinni þörungaframleiðslu.

Áður en þið frussið ofan í kaffið yfir einhverju þarajarmi skulum við skoða staðreyndir.

Ræktun og nýting þörunga er á svo miklu flugi á heimsvísu að verðmæti framleiðslunnar stefnir í 200 milljarða króna á næstu árum.

Til samanburðar er útflutningsverðmæti alls þorsks, sem veiddur er við Íslandsstrendur um 130 milljarðar.

Þörungavinnsla er að stórum hluta sjálfbær próteínframleiðsla sem stuðlar að aukinni kolefnisbindingu. Slík atvinnuuppbygging stenst fullkomlega vaxandi kröfur um minna álag á vistkerfin og svarar um leið stórukinni eftirspurn sem allir eru að reyna að svara.

Við erum í kjörstöðu hvað þessa atvinnugrein varðar. Ísland er umlukið risastórri strandlengju. Með gnótt umhverfisvænnar orku og landrými.

Allir okkar helstu styrkleikar beinlínis garga á að við tökum þessa þróun alvarlega og sköpum okkur sérstöðu.

Og hvað erum við svo að gera til að gripa þetta tækifæri? Lítið sem ekkert.

Ein þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram um málið. Hún sofnaði í nefnd.

Nú efast ég ekki um að innan ráðuneyta og eftirlitsstofnana leynist sérfræðingar sem átta sig á þessum tækifærum. Þótt pólitíkin dragi lappirnar.

Af þessu tilefni rifjast óneitanlega upp fyrir manni kunnuglegt stef frá fyrri tilraunum til atvinnuuppbyggingar í dreifbýli.

Ef fyrstu sporin í stórukinni þörungarækt verða eitthvað í líkingu við uppbyggingu fiskeldis má gera ráð fyrir að fyrir-tækin og frumkvöðlarnir stingi stjórnvöld af. Í einhvers konar lögleysu villta vestursins.

Uns einhver fattar að tími undirbúnings, rannsókna og skipulags er löngu liðinn.

Svo verjum við næstu árum í að vinna upp tapaðan tíma með því að troða heilli atvinnugrein í sokkana utan yfir skóna. Þannig hefur okkar saga verið.

Hvernig væri nú að gera hlutina í rétttri röð í þetta skiptið? Setja fjármagn í rannsóknir. Smíða lagaramma og leikreglur áður en þið er um seina.

Við hljótum að geta nýtt okkur styrkleika náttúraútlindanna betur.

Við erum að tala um atvinnugrein sem er eins og klæðskerasaumur að markmiðum í loftslagsmálum. Grein sem getur skipt sköpum fyrir fámenn byggðarlög.

Er ekki annars alltaf verið að tala um að stuðla að umhverfisvænni auðlindanýtingu og skapa verðmæti?

Gerum það þá. ■



Drífa segist vera opin fyrir því að endurskoða ákveðna þætti í vinnumarkaðsmódelinu hér á landi.

FRÉTTABLAÐID/
ÓTTAR GEIRSSON

Stefnir í krefjandi kjaraviðræður

Aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að það stefni í krefjandi samningaviðræður í haust þegar kjarasamningar losna. Forseti ASÍ segir að fram undan sé óvissutímabil en verðbólga og vaxtahækkanir geri það að verkum að verkalyðshreyfingin verði að fara fram á kjarabót.

magdalena@frettabladid.is

Anna Hrefna Ingimundardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að það stefni í krefjandi samningaviðræður í haust.

„Það er útlit fyrir það ef marka má þau orð sem hafa verið látin falla í fjölmiðlum, sérstaklega eftir stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans,“ segir Anna Hrefna en bætir við að á sama tíma heyrir mjög sterk varnaðarorð frá Seðlabankanum og fleirum.

„Í álitsgerð fjármálaráðs um fjármálaáætlun kemur fram að það skipti miklu máli fyrir íslenskt efnahagslíf og verðbólguþróun hvernig tekst til við kjarasamningsgerð. Hætt sé við höfrungahlaupi launa og verðlags í núverandi ástandi.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ, segir að fram undan sé mikið óvissutímabil. Verðbólga og vaxtahækkanir geri það þó að verkum að verkalyðshreyfingin verði að fara fram á kjarabót.

„Það er erfitt að segja til um hver staðan verður í haust þegar kjarasamningar losna. Ef við erum að fara inn í vaxtahækkunarhrinu, ef stríðið heldur áfram og verðbólgan verður mikil, þá mun það allt hafa áhrif. Við vitum ekki hvaða stöðu við verðum í. Þetta er vond staða og fyrirsjáanleikinn lítill,“ segir Drífa og bætir við að mikilvægt sé að launafólk á Íslandi tryggji að það fái sinn hlut í framleiðniaukningunni.

„Ef við litum 30 ár aftur í tímann þá hefur ekki verið samið um launahækkanir umfram framleiðniaukningu að undanskildum árunum 2009 og 2010 en það var bara til að ná upp kjaraskerðingunni.“

Anna Hrefna segir að mikilvægt

”

Það er fyrst og fremst aukinn kaupmáttur en ekki nafnlaunahækk-anir sem skila bættum lífskjörum til heimila.



Anna Hrefna Ingimundardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

sé að standa vörð um kaupmáttinn.

„Það er fyrst og fremst aukinn kaupmáttur en ekki nafnlaunahækkanir sem skila bættum lífskjörum til heimila. Eins og við sáum í ritinu Peningamál, sem kom út samhliða vaxtaákvörðuninni, þá var gerð ákveðin greining á því hvaða áhrif viðbótarlaunahækk-anir höfðu í þessu efnahagsástandi. Þar kom fram að það er mjög takmarkað svigrúm til frekari launahækkana án þess að það komi niður á kaupmætti því það minnkar eftirspurn eftir vinnuafli en eykur á sama tíma verðbólguþrýsting sem leiðir til herra vaxtastigs en ella.“

Drífa segir jafnframt að vissulega séu atvinnugreinarnar misvel staddir og með mismikið svigrúm til launahækkana.

„Það er samt staðreynd að sumar greinar standa mjög vel. Til dæmis fiskurinn og álið en auðvitað hefur maður áhyggjur af stöðu ferðaþjónustunnar. Það hefur stundum verið þannig að það sé samið um auka álag í ákveðnum greinum. Í kjaraviðræðum framtíðarinnar verður

Óeðlilegt að hið opinbera leiði launaþróun

Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að það sé óeðlilegt að hið opinbera leiði launaþróun í landinu. „Það er auðvitað afleitt þróun. Þróunin þarf að eiga sér stað í samkeppnisumhverfi og það setur almenna markaðinn í erfiða stöðu þegar hið opinbera semur um launahækkanir umfram framleiðniaukningu,“ segir Anna Hrefna og bætir við að huga þurfi vel að þessum málum í komandi kjarasamningum, ekki síst í ljósi þess hvar opinber fjármál standa.

Drífa segir það vera eðlilegra að launaþróun sé leidd af almenna markaðnum. „Það kemur manni spánskt fyrir sjónir að í síðustu kjarasamningum var talað um að lyfta láglæðingum sérstaklega og síðan er samið við BHM á allt öðrum nótum.“

skattkerfið miklu fyrirferðarmeiri þáttur. Það er eitthvað sem þarf að skoða.“

Anna Hrefna segir að ákjósanlegt væri ef auðveldara væri að taka tillit til ólíkrar stöðu atvinnugreina þegar kemur að kjarasamningsgerð. „Atvinnurekendur hafa kallað eftir meiri sveigjanleika hvað það varðar. Það er gjarnan eitt látið yfir alla ganga í stað þess að taka tillit til hversu ólík staðan er milli atvinnugreina. Þetta hefur hins vegar verið erfitt í framkvæmd með okkar kjarasamningalíkan.“

Drífa segist vera opin fyrir því að endurskoða ákveðna þætti í vinnumarkaðsmódelinu hér á landi.

„Við höfum verið tilbúin til að byrja viðræður fyrr en atvinnurekendur hafa dregið lappirnar. Það er ýmislegt sem hefur þurft að ræða í kjölfar síðustu kjarasamninga sem ekki hefur fengist samtal um. Það væri óskandi að fólk væri tilbúið í viðræður fyrr til dæmis.“

Anna Hrefna bætir við að ýmislegt megi gera til að bæta vinnumarkaðsmódelið hér á landi.

„Við ættum að fylgja fyrirmynd norræna líkansins og tileinka okkur það besta frá hinum Norðurlöndunum þar sem heimildir ríkissáttasemjara eru til að mynda viðtækari. Einnig er eðlilegt að útflutningsgreinar og iðnaður leiði launaþróun því þar er svigrúmið til launahækkana markað.“

Seðlabankinn tilkynnti um 1 prósentustigs stýrivaxtahækkun í síðustu viku og standa stýrivextir nú í 3,75 prósentum.

Drífa segir að hækkunin hafi



Drífa Snædal, forseti ASÍ

vera fyrirséð en hún sé afleiðing af ákveðnum mistökum sem Seðlabankinn gerði áður.

„Seðlabankinn réðst í miklar vaxtahækkanir frekar en að beita öðrum tækjum. Maður hefur áhyggjur af því að komandi vaxtahækkanir muni bitna á almenningi og hann muni þurfa að taka skellinn eina ferðina enn.“

Anna Hrefna segir að Seðlabankinn hafi ekki átt annarra kosta vöð en að hækka stýrivexti í ljósi þess að verðbólgan sé komin í 7,2 prósent, verðbólguþrýstingur Seðlabankans hafi verið hækkuð frekar og verðbólguvæntingar séu að aukast.

„Þessi vaxtahækkun var viðbúin í ljósi verðbólguþróunar og þeirrar staðreyndar að við erum að sjá slakann hverfa úr hagkerfinu. Við vitum að vaxtastig hefur verið herra hér á landi en það hefði þurft að vera vegna þess að nafnlaunahækkanir hafa iðulega verið umfram það sem samræmist framleiðnivexti og verðstöðugleika. Til að mynda hafa laun hækkað þrefalt meira hér á landi en á hinum Norðurlöndunum undanfarna tvo áratugi. Á sama tíma hefur verðbólga reynst fjórfalt meiri og vaxtastig fimmfalt herra.“ ■

TÖFRAR ÓSKASKRÍNS

– FELAST Í UPPLIFUN TIL AÐ NJÓTA



Kannski dettur vinum þínum og vandamönnum sjaldan í hug að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þó að þeir eigi það svo sannarlega skilið. Þá er tilvalið að gefa þeim Óskaskrín.

Skoðaðu úrvalið af skrínum á vefsíðu okkar, oskaskrin.is.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is.



Eymundsson

HAGKAUP

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Óskaskrín

Opnað hefur verið fyrir skráningar

magdalena@frettabladid.is

Búið er að opna fyrir skráningar í viðskiptahraðalinn Startup Super-Nova. Þetta er í þriðja sinn sem hraðallinn er keyrður en umsjón hans er í höndum KLAKE – Icelandic Startups.

Nova er bakhjarl hraðalsins líkt og fyrrí ár en hraðallinn hefur reynst árangursríkur stökkpallur fyrir sprotafyrirtæki. Dæmi um fyrirtæki sem farið hafa í gegn eru til að mynda Lightsnap, Stubbur og PLAIO svo einhver séu nefnd.

Í ár verður hraðallinn keyrður með öðru sniði og hefst hann með Masterclass Startups Supernova 2022 sem fer fram 23. til 25. júní í Grösku. Masterklassinn er opinn öllum sprotafyrirtækjum – aðeins verða 200 sæti í boði en einnig verður hægt að fylgjast með í beinu streymi.



Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri KLAKE – Icelandic Startups

Eftir masterklassinn gefst þátttakendum svæfikfæri á að keppast um að komast lengra. Bestu tíu sprotafyrirtækin halda svo áfram í fimm vikna viðskiptahraðal þar sem skýr fókus er á að þroska fyrirtækin í að verða fjárfestingarhæf og tilbúin í næsta skref.

„Við erum virkilega spennt fyrir þessum breytingum á Startup Supernova og teljum að þarna getum við náð til mun stærri hóps. Við verðum með frumkvöðla á heimsklassa og sérfræðinga að miðla sinni reynslu á masterklassinum. Öll þau sem eru að reka fyrirtæki eða taka sín fyrstu skref í að stofna fyrirtæki munu hafa mikinn ávinning af Masterclass Startup Supernova,“ segir Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri KLAKE – Icelandic Startups. ■

Kostnaðarhlutfall fjármálasviða hér á landi hærra en víðast hvar erlendis

Meðeigandi og sviðsstjóri Viðskiptalausna hjá Deloitte segir mikilvægt að færa kostnaðarhlutfall fjármálasviða nær erlendum viðmiðum en það hlutfall er hærra hér á landi en erlendis.

magdalena@frettabladid.is

Kostnaðarhlutfall fjármálasviða hér á landi er hærra en víðast hvar erlendis. Samkvæmt greiningu frá Deloitte í Bandaríkjum er það viðmið að kostnaðarhlutfall fjármálasviðs eigi að vera 1-2 prósent af tekjum en á Íslandi er áætlað að það hlutfall sé 4-5 prósent. Þetta segir Sunna Dóra Einarsdóttir, meðeigandi hjá Deloitte og sviðsstjóri Viðskiptalausna, en bætir við að stærðarhagkvæmni hafi vissulega áhrif.

„Það er nauðsynlegt að færa kostnaðarhlutfallið nær erlendum viðmiðum. Til að það sé gerlegt verða fyrirtækin að leggja meiri áherslu á stafrænar lausnir,“ segir Sunna og bætir við að sú menning sem sé til staðar innan fyrirtækjanna hafi mikið að segja varðandi hversu langt á leið í hinna stafrænu vegferð fyrirtækin séu komin.

„Þetta snýr að því að í fyrirtækjunum þarf að vera vilji til að læra nýja hluti, hæfni til að taka upp ný vinnubrögð og að sama skapi að starfsfólki sé gefið tækifæri til að læra og þróast í starfi. Það er virkilega mikið búið að breytast á síðustu árum þegar kemur að stafrænni þróun. Fjárhagskerfi eru búin að fara í gegnum stökkbreytingu á síðustu þremur til fimm árum og það þarf að nýta þessar nýjungar í kerfunum.“

Sunna segir að fjármálasvið hér á landi þurfi að verja meiri tíma í virðisskapandi verkefni. Erlendis sé það viðmið að 60 prósent af tíma fjármálasviða eigi að fara í virðisskapandi verkefni en með því er átt við til dæmis greiningar, áætlanagerðir og spár og 40 prósent eigi að fara í almennt reikningshald.



Sunna Dóra Einarsdóttir, meðeigandi hjá Deloitte og sviðsstjóri Viðskiptalausna, segir að fyrirtækjamenning hafi mikið að segja varðandi hversu langt á leið í hinna stafrænu vegferð fyrirtækin séu komin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er nauðsynlegt að færa kostnaðarhlutfallið nær erlendum viðmiðum. Til að það sé gerlegt verða fyrirtækin að leggja meiri áherslu á stafrænar lausnir.

„Hér á landi virðast fara allt að 80 prósent af tíma fjármálasviða í almennt reikningshald, sem er oft vegna þess hve mikil handavinna er enn til staðar í þeim ferlum sem snúa að reikningshaldi og þannig aðeins 20 prósent í virðisskapandi verkefni. Það er þörf á að færa verkefnin úr því að vera handavinna og yfir í að vera virðisskapandi. Einnig hefur eftirspurn stjórnenda eftir fjárhagsupplýsingum í rauntíma aukist mikið á síðustu árum, sem getur reynst erfið að anna án þess að nýta tæknina.“

Sunna bætir við að vissulega séu fyrirtæki úti með meiri skalanleika, þar séu stærri fjármáladeildir og

Hér á landi fara 80 prósent af tíma fjármálasviða í almennt reikningshald.

fleiri aðilar sem sjá um að innleiða stafræna þróun.

„Fyrir okkur á Íslandi snýst þetta um að sniða okkur stakk eftir vexti og klára ákveðna hluti. Það má margt færa til betri vegar hér á landi og margt er hægt að gera án þess að ráðast í stórar fjárfestingar.“ ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Hvað er Elon Musk að kaupa?



Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri Greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Fjárfestar virðast eiga í bölvuðum vandræðum með að mynda sér skoðun á kaupum ríkasta manns heims á samfélagsmiðlinum Twitter. Frá því Elon Musk tryggði sér ríflega 9% hlut í fyrirtækinu fyrir rúmum mánuði síðan hefur hlutabréfaverð þess ítrekað sveiflast um allt að 10% innan dags og réð fréttáflutningur af enn frekari kaupum hans þar miklu.

Nú virðist þetta þó meira og minna frágengið og því sem næst allt fyrirtækið á leið í hendur Musk. Hann hefur fengið í það minnsta 18 fjársterka aðila með sér í lið og tryggt sér lánsfjármögnun með veði í hlutabréfum hans í Tesla. Við ættum því að geta snúið okkur að því að ræða hvers vegna í ósköpunum hann vill greiða 6.000 milljarða króna fyrir samfélagsmiðil sem virðist vera fyrirmunað að sýna ásættanlega arðsemi.

Rekstur Twitter Daglega ráfa um 230 milljónir

manns inn á miðilinn, sem er ekki langt frá þeim 332 milljónum sem enn nota Snapchat en víðsfjarri milljarði notenda Instagram og tæpum tveimur milljörðum sem daglega skrá sig inn á Facebook. Notendum fjölgar enn nokkuð og tekjurnar aukast að sama skapi en eitt helsta vandamál Twitter hefur legið í þeim tekjum sem hver og einn notandi skilar fyrirtækinu. Á meðan öllum samkeppnisaðilum hefur gengið hreint ljómandi vel að kreista sífellt meira úr notendum hafa tekjur Twitter á hvern þeirra staðið í stað frá árinu 2015, sem er áhyggjuefni. Slíkar tekjur nema í dag ríflega 3.000 kr. á ári, samanborið við þær 8.000 kr. sem notendur samfélagsmiðla Meta, móðurfélags Facebook og Instagram, skila. Lítið hefur verið um hagnað og hlutabréfaverðið er á svipuðum slóðum og fyrir tæpum áratug. Þar er því heldur betur verk að vinna.

Áform Musk Ekkert af þessu stendur þó í Musk og væntingar hans til rekstursins eru á pari við annað úr þeirri áttinni. Musk hyggst fimmfalda tekjurnar næstu sex árin. Þar eiga áskriftargjöld að vega þyngst samhliða mikilli fjölgun notenda, sem Musk áætlað að verði yfir 900 milljónir árið 2028. Selja á fólki betri upp-

Lítið hefur verið um hagnað og hlutabréfa-verðið er á svipuðum slóðum og fyrir tæpum áratug. Þar er því heldur betur verk að vinna.

lifun og jafnvel greiðslumiðlun, en í dag er ómögulegt að meta hversu raunhæf þessi áform eru.

Önnur hlið kaupanna er þó jafnvel áhugaverðari en fjármálahlíðin. Musk hefur miklar skoðanir á hlutverki Twitter í almennri umræðu og nú fær hann að ráða þessu öllu saman. Það gefur honum heilmikil völd yfir einum áhrifamesta miðli heims og þau völd vega ef til vill þyngra þegar lítið er á ástæður kaupanna en hvort ríkasti maður heims verði aðeins ríkari fyrir vikið. ■

Lög skortir í þörungarækt

Fyrirtæki í þörungarækt og -vinnslu hafa kallað eftir skýrum lagaramma fyrir greinina um árabíl. Tillaga sem átti að taka á vandanum og marka stefnu situr föst í nefnd. Flutningsmaður til-lögunnar segist ekki skilja hvað veldur þessum töfum.

ggunnars@frettabladid.is

Heimsmarkaður fyrir þörungar er stór og fer vaxandi. Samkvæmt skýrslu Report Linker um heimsmarkað fyrir þörungar er því spáð að árið 2027 verði framleiðslan metin á 170 milljarða íslenskra króna. Ör vöxtur greinarinnar byggir að stórum hluta á aukinni eftirspurn eftir umhverfissvænni próteínframleiðslu.

Um 97 prósent söfnunar og ræktunar þörungar fara fram í Asíu, en fyrirsjáanlegt er að vöxturinn á næstu árum verði í Evrópu. Þá aðallega við strandlengjur á norðlægum slóðum.

Þar eru lönd eins og Ísland í kjörstöðu, þar sem aðgengi að auðlindinni við strandlengjur er gott og aðstæður til ræktunar hentugar. Framboð á hreinni orku og landrými gerir Ísland þannig að ákjósanlegum valkosti fyrir fjárfesta og fyrirtæki sem hyggja á landvinn-inga í greininni.

Fjölmörg fyrirtæki eru þegar farin að taka fyrstu skrefin í tilraunum, ræktun og nýtingu á þörungum hér á landi. Skortur á lagaramma, stefnu og umhverfi frá hendi stjórnvalda



Sprotafyrirtæki í þörungarækt eru í biðstöðu víða um land. MYND/ADSEND

stendur hins vegar frekari uppbyggingu fyrir þrifum. Fyrirtæki hafa átt erfitt með að verða sér úti um tilraunaleyfi auk þess sem strand-svæðaskipulag skortir víða.

Markmið í stjórnarsáttmála um aukna áherslu á sjálfbæra þróun náttúruauðlinda í tengslum við loftslagsmál eru skýr. En í tilfelli þörungavinnslu skilar Ísland, enn sem komið er, auðu.

Undir forystu Silju Daggar Gunnarsdóttur, fyrrverandi þingmanns Framsóknarflokksins, var lögð fram þingsályktunartillaga árið 2020. Tillagan miðaði að því að fela viðeigandi ráðherrum að skýra leikreglur í greininni og marka stefnu. Smíða svo í framhaldinu lagaumgjörð og

reglur varðandi ræktun og söfnun þörungar á landi og í sjó.

Silja Dögg segist ekki alveg skilja afhverju stjórnvöld hreyfi sig svona hægt í þessu máli. Greinin sé að öllu leyti umhverfissvæn og kolefnis-sporið jákvætt. Þarna séu tækifæri sem geti hæglega runnið okkur úr greipum.

Í svörum frá matvælaráðuneytinu segir að fyrirtæki í greininni hafi um nokkurt skeið bent á að núverandi lagarammi fyrir þörungavinnslu sé ófullnægjandi. Nauðsynlegt sé að gera hann skýrari. Nýlega hafi verið hrundið af stað vinnu við stefnumörkun fiskeldis hjá ráðuneytinu og verði stefna í þörungarækt unnin samhliða því verkefni. ■



SAMTÖK ALDRADRA

Stíumúli 29, 108 Reykjavík · Sími 552 6410 – fax 562 6414 · www.aldradir.is

AÐALFUNDUR BYGGINGASAMVINNUFÉLAGS SAMTAKA ALDRADRA bsvf

Verður haldinn þann 19. maí 2022 kl. 14:00 í safnaðarheimili Grensássóknar, Háaleitisbraut 66, Reykjavík.

Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu skoðunarmanns/manna ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins:

Dagkrá:

1. Skýrsla stjómar
2. Staðfesting ársreiknings.
3. Kjör stjórnar og skoðunarmanna.
4. Þóknun stjórmanna og skoðunarmanna fyrir næsta ár.
5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir næsta ár.
6. Önnur mál, sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum og félagssamþykktum.

Kynnt verður vilyrði borgarinnar um nýja lóð fyrir samtökin við Leirtjörn í Úlfarsárdal. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á aðalfundinn.

Stjórnin



Vigfús G. Arnason hefur starfað hjá Flügger, áður Hörpu, í 40 ár og starfið er alltaf ferskt og spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjörutíu ár á sama stað

olafur@frettabladid.is

Vigfús G. Gíslason, viðskiptastjóri hjá Flügger litum og fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækisins, heldur upp á 40 ára starfsafmæli um þessar mundir.

Vigfús hóf störf hjá Málningarverksmiðjunni Hörpu árið 1982, 25 ára gamall. Hann gerir lítið úr löngum starfsferli sínum hjá fyrirtækinu og nefnir að þegar hann byrjaði hjá Hörpu starfaði þar maður sem byrjaði hjá fyrirtækinu þegar það var stofnað, 1936. Þá var hann aðeins 16 ára. Hann lét ekki af störfum fyrr en árið 1990, og starfaði því samfelld í 54 ár hjá fyrirtækinu.

Þegar Vigfús hóf störf hjá Hörpu fyrir 40 árum var fyrirtækið á Skúlagötu, við hringtorgið sem þar var, skáhallt á móti lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Griðarleg breyting varð á allri starfsemi þess í lok árs 1988, þegar fyrirtækið flutti starfsemi sína upp í Stórhöfða við Grafarvog.

„Þetta voru mikil tímamót hjá fyrirtækinu,“ segir Vigfús. „Ég segi stundum að maður hafi gengið í gegnum endurfæðingar með fyrirtækinu. Hér var allt nýtt. Ný tæki og ný hugsun.“

Undir aldamótin varð mikil

breyting í starfsemi fyrirtækisins þegar það opnaði sínar eigin verslanir. „Þarna ruddist Harpa fram á völinn með sínar eigin verslanir og ég var allt í einu orðinn kaupmaður. Þetta var önnur endurfæðing.“

Vigfús segist hafa verið lánsamur í starfi sínu hjá fyrirtækinu. Málningarverksmiðjan Harpa var frá upphafi fjölskyldufyrirtæki í næstum 70 ár. „Eigendur fyrirtækisins hafa alla tíð verið alveg einstakir og samstarfið við þá. Eftir að fjölskyldan seldi Flügger-fyrirtækinu danska hlut sinn hélt gott samband við eigendur áfram,“ segir Vigfús.

Harpa-Sjófn, eins og fyrirtækið hét þá, var selt til Flügger í lok árs 2004. „Það má segja að þarna hafi orðið enn ein endurfæðingin hjá mér með fyrirtækinu. Ég varð síðan framkvæmdastjóri 2008 en dró mig aðeins til hliðar fyrir ári til að hleypa yngra fólki að þannig að núna er ég viðskiptastjóri og mitt starf felst í samskiptum við þýðingarmikla viðskiptavinum fyrirtækisins og að svipast um eftir nýjum tækifærum. Ég er alsæll í mínu starfi,“ segir Vigfús G. Gíslason sem heldur upp á 40 ára starfsafmæli í fyrirtæki þar sem hann er endurfæddur í starfi enn og aftur. ■



Aðalfundur Haga hf. 1. júní 2022

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn miðvikudaginn 1. júní 2022 og hefst hann kl. 15:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
- 3) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2021/22.
- 4) Tillaga að lækkun hlutafjár og breytingum á samþykktum.
 - Grein 2.1 um hlutafé félagsins verði breytt þar sem hlutafé verði lækkað úr kr. 1.154.232.879 að nafnverði í kr. 1.132.676.082 að nafnverði og eigin hlutir, að nafnverði kr. 21.556.797, þannig ógiltir.
 - Grein 1.3 um heimilisfang félagsins og því verði breytt í Holtagarðar 10, Reykjavík
- 5) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.
- 6) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og skýrsla starfskjaranefndar.
- 7) Kosning tilnefningarnefndar.
- 8) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
- 9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
- 10) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.hagar.is/fjarfestar/hluthafafundur/2022/>

Stjórn félagsins vill einnig árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.

Kjörþokki



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Ólíkt þingkosningum virðast kjósendur oftast flykkja sér um tiltekinn einstakling eða eitt afmarkað mál efni í kosningum til sveitarstjórna. Persónufylgi frambjóðenda skemmir vissulega ekki fyrir í þingkosningum en það vinnur sjaldnast kosningar á sama hátt og á sveitarstjórnarstiginu. Skýrasta dæmið um þetta er líklega Jón Gnarr. Í yfirstandandi kosningabaráttu má einnig benda á Guðmund Árna Stefánsson sem virðist á góðri leið með að breyta Hafnarfirði í kratabæ á ný eftir langa valdatíð íhaldsins.

Hitt sem einkennir gjarnan sveitarstjórnarkosningar er að eitt tiltekið stórmál heltekur hreinlega umræðuna. Frjálsir kettir, flugvellir, stóriðja, borgarlína, svifbrýr, neðansjávargöng og uppblásin íþróttahús. Það hefur verið mál manna í aðdraganda komandi kosninga að baráttan um borgina sé venju fremur daufleg og tíðindalítill. Ekkert tiltekið stórmál hefur í raun náð sérstöku flugi og stefnumál flokkanna virðast heilt yfir ekki ná til kjósenda. Kosningabaráttan snýst þannig í raun og veru ekki um neitt sem hönd er á festandi.

Þar sem málefnið skortir virðast borgarbúar hafa fátt annað að tala um en vaxandi örvæntingu Sjálfstæðisflokksins, sem hefur hvorki náð vopnum sínum með mannskap né málefnum. Leiðtogi flokksins virðist hafa takmarkað persónufylgi og miðað við gengi meirihlutflokkanna í könnunum telja kjósendur borgina virka nú þegar.

Þannig virðast þeir flokkar sem mynda núverandi meirihluta helst njóta slagorðs Sjálfstæðisflokksins, Reykjavík sem virkar. Þótt málefnastráðir meirihlutflokkanna hafi engan áhuga vakið hjá kjósendum hafa þeir þrátt fyrir allt meira að bjóða en aðrir flokkar: Þeir leggja verk sín í dóm kjósenda á kjördag.

Framsóknarflokkurinn þarf heldur engin málefni til að ná árangri að þessu sinni. Stefna Framsóknarflokksins í Reykjavík er Einar Þorsteinsson. Samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins nýtur hann jafnmikils stuðnings sem næsti borgarstjóri og Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins.

Samkvæmt könnunum ber sitjandi borgarstjóri höfuð og herðar yfir aðrar persónur í þeirri vinsældakosningu sem baráttan í Reykjavík er að þróast út í, enda sýnir Samfylkingin fátt annað en hann. Dagur nýtur þess að vera óumdeildur leiðtogi í eigin flokki og njóta trausts í röðum samstarfsflokkanna. Nú eru þrír dagar til stefnu fyrir leiðtogana til að heilla borgarbúa. Það verður kjörþokki þeirra sem ræður á kjördag. ■

”
Nú eru þrír dagar til stefnu fyrir leiðtogana til að heilla borgarbúa. Það verður kjörþokki þeirra sem ræður á kjördag.



■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Könnunin

Um fátt var annað rætt á meðal manna í gærðag en nýja könnun Fréttablaðsins um fylgi flokkanna í Reykjavík þar sem afhröð Sjálfstæðisflokksins birtist landsmönnum eins og pólitískur jarðskjálfti. Er nema von að menn velti fyrir sér ástæðum þessa fylgishruns flokksins sem má vissulega muna sinn fífil fegurri frá fyrri tímum þegar hann fékk fleiri menn en hann vildi, eins og frægt var 1990 þegar lögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson var tíundi maður á lista, umdeildur þá sem nú, en kjörorð flokksmanna þá, sem fór þó ekki mjög hátt, var einfaldlega á þessa leið: Okkur nægir níu.

Sextíu prósent

Sveinn Andri náði inn, einhverjum til súrrar sigurvímu, enda fylgið með sögulegasta móti, heil 60 prósent sem fleytti foringjanum Davíð Oddssyni í landsmálin með slíkum tilprifum að hann sat sem forsætisráðherra í þrettán ár á eftir. Og raunar má segja að Davíð hafi horfið svo snögglega úr borgarmálunum að hann hafi skilið eftir sig tómarúm í borgarstjórnarflokknum sem hefur allar götur síðan verið í stökustu erfiðleikum með að festa arftaka hans í sessi. Og sennilega heldur leitinn að arftaka Davíðs áfram, eitthvað fram eftir öldinni. ■

Þétt hverfi – góð hverfi



Þórdís Lóa
Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar
í Reykjavík

Það er gott að búa í Reykjavík og Viðreisn vill gera það enn betra. Sérstaklega viljum við gera það gott að búa í öllum hverfum borgarinnar. Að það sé auðvelt í öllum hverfum að fara í búð, í bakarið, í bókasafnið og leikskólann. Þess vegna viljum við halda áfram að þetta byggð, þar sem því verður við komið. Við viljum stækka hverfi til að nýta betur innviði. Þar horfum við á Skeifusvæðið, við Kringluna, á Úlfarsárdal og Kjalarnes.

Með þéttari byggð og góðum, fjölbreyttum samgöngum á milli hverfa getum við byggt upp sterkari hverfiskjarna með þessari nærbjónustu. Við höfum á þessu kjörtímabili tekið þátt í að gera upp hverfiskjarna í Breiðholti. Við viljum líka gera Spöngina að sterkari hverfiskjarna fyrir Grafarvog, með aukinni verslun og þjónustu sem hvetur til meira mannlífs. Þar horfum við meðal annars til endurhönnunar á Garðatorgi, sem fært hefur líf í miðbæ Garðabæjar.

Miðstöð mannlífs í hvert bókasafn

Við viljum líka horfa til þess að styrkja mannlífið í hverfum. Við viljum skemmtilegar hverfahátíðir, til dæmis á 17. júní og með því að endurhugsa bókasöfn, til að þau geti þróast frekar í að verða menningar- og mannlífsmiðstöðvar. Við sjáum fyrir okkur fleiri bókasöfn, eins og í Grafarholti, þar sem opnunartíminn er langur. Bókasöfn þróist úr hljóðlátum húsum í staði þar sem fólk á öllum aldri getur komið saman en líka sótt sér bækur. Jafnvel fengið aðstoð við að leysa úr einfaldari málum í samskiptum við borgina og ríkið.

Reisum ný hverfi

Viðreisn vill líka reisa ný hverfi. Við viljum sjá ný hverfi rísa á Ártúnshöfða, í Skerjafirði, í Gufunesi, á Keldum og í Vatnsmýrinni. Reykjavík er í hröðum vexti og undanfarið kjörtímabil hafa um tíu þúsund nýir Reykvíkingar bæst í hópinn. Til að Reykjavík geti haldið áfram að vaxa þurfum við að halda áfram metuppbyggingu undanfarinna ára og skipuleggja lóðir fyrir 2.000 íbúðir á ári.

Viðreisn hefur skýra sýn fyrir Reykjavík. Sýn um skemmtilegan borgarbrag fyrir okkur öll. ■

Stöndum vörð um Hafnarfjörð

XS
AÐ SJÁLFSÖGÐU!

Hildur Rós Guðbjargardóttir vill sjá Hafnarfjörð blómstra fyrir alla bæjarbúa og segir að jafnaðarmenn séu í blússandi sókn í bænum.

MYND/ADSEND

Tími fyrir breytingar og bætt vinnubrögð í Hafnarfirði

Hildur Rós Guðbjargardóttir skipar fjórða sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Hún segir að þar sé mörg verk að vinna þegar kemur að félagsmálum og öðru og segist viss um að Hafnfirðingar séu búnir að fá nóg af vinnubrögðum núverandi meirihluta. **2**



Þessar öflugu konur eru meðal þeirra tíu efstu á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði og þær ætla sér stóra hluti í bænum. Sigrún Sverrisdóttir skipar annað sætið á listanum, Kolbrún Magnúsdóttir skipar sjötta sæti, Auður Brynjólfssdóttir skipar sjöunda sæti og Hildur Rós Guðbjargardóttir það fjórða.

MYND/ADSEND

Hildur Rós Guðbjargardóttir er 30 ára þriggja barna móðir í 4. sæti á lista, sem er baráttusæti Samfylkingarinnar, jafnaðarmannaflokks Íslands í Gaflara-bænum. Hún starfar á Hrafnistu í Hafnarfirði, auk þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna, þar sem hún situr í framkvæmdastjórn, er formaður fræðsluráðs og varaformaður Bersans, ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði.

„Við jafnaðarmenn erum í blússandi sókn í Hafnarfirði, það finnum við á þessum síðustu dögum kosningabaráttunnar,“ segir Hildur Rós. Hún segist vera afar bjartsýn á það að hún nái kjöri til bæjarstjórnar. Gangi það eftir verður hún yngsti bæjarfulltrúinn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Vill hlúa að öllum bæjarbúum
Hildur hefur búið í Hafnarfirði í tæp átta ár og segir að þar sé gott að búa.

„Ég flutti í Hafnarfjörð stuttu eftir að ég eignaðist mitt annað barn, en þá keypti ég mína fyrstu eign en þekkti í raun ekkert til. Ég áttaði mig fljótt á því að Hafnarfjörður væri bærin minn, en ég hef búið á mörgum stöðum og get sagt með góðri samvisku að hér sé best að búa og ég ætla mér að vera hér það sem eftir er,“ segir hún. „Það eru einhverjir ólýsanlegir kraftar í Hafnarfirði. Fólkið hér er einstakt og það tók mig ekki nokkra stund að eignast hér vini og kunningja. Félagsandinn er sterkur, samfélagið stendur saman og ég finn til öryggis fyrir börnin mín. Allt í kring eru útivistarperlur, stutt í flesta þjónustu og góð tækifæri fyrir börn til þess að stunda íþróttir og tómstundir.“



Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Hafnarfirði eru spenntir fyrir því að gera breytingar og ráðast í ný verkefni.

Hildur hefur starfað innan Samfylkingarinnar síðan 2016.

„Ég byrjaði í pólitík þegar ég fann kjarkinn og trúna á því að ég hefði margt til málanna að leggja. Við tölum um öjöfn tækifæri fólks, en ég hef á minni stuttu ævi upplifað það á eigin skinni og veit að í samfélaginu eru stórir hópar sem eru í þeirri stöðu. Foreldrar í tekjulægstu hópunum, einstæðir foreldrar, fólk með fötlun, öryrkjar, aldraðir og börn eru fólkið sem við eigum öll að standa með,“ segir hún. „Mitt hjartans mál er að tryggja jöfn tækifæri og draga úr öjöfnuði þeirra hópa sem vegið er að. Enginn á að þurfa að sitja eftir og stuðningur við þá sem hann þurfa er að mínu mati grundvallaratriði þess að samfélag blómstri.“

Viða verk að vinna
„Það er okkar markmið að hafa jafnaðarmenn í forystu bæjarins næstu fjögur árin og fella sitjandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar,“ segir Hildur festulega. Hún bætir við að það sé víða verk að vinna í bænum.

„Til að mynda leikskólamálin en þar þarf að skerpa á og lagfæra ýmislegt gagnvart starfsfólkinu, börnunum og foreldrum þeirra. Auk þess hafa íbúðamálin verið í bakkgirnum síðustu fjögur ár, sem birtist í því að það varð íbúafækkun í bænum. Slíkt mun ekki gerast á okkar vakt. Við ætlum að láta verkin tala og hefja markvissa uppbyggingu fjölbreyttra íbúðarforma og stórfjölda óhagnaðar-drifnum byggingaraðilum sem

bjóða upp á ódýrari valkosti en hafa verið í boði hingað til,“ segir Hildur og er greinilega mikið niðri fyrir.

Hildur Rós segir verkefnin blasa við um allan bæ. „Stór verkefni bíða okkar til dæmis á íþróttasviðinu og við munum reisa knatt-hús á Haukasvæðinu og reiðhöll hestamanna,“ segir Hildur. Hún er sannfærð um gildi íþrótt- og tómstundastarfs og segir það vera í anda jafnaðarmanna að gæta að því.

Fólkið vill breytingar
„Hafnfirðingar þurfa framsýna bæjarstjórn og breytingu á starfs-háttum og slíkt er öruggt með Samfylkinguna í stjórn. Umfram allt viljum við öll sjá Hafnarfjörð

Það er okkar markmið að hafa jafnaðarmenn í forystu bæjarins næstu fjögur árin og fella sitjandi meirihluta.

Hildur Rós Guðbjargardóttir

blómstra fyrir alla bæjarbúa,“ segir Hildur sem er baráttukona og vill sjá réttlæti í raun, þar sem ungt fólk og eldra fólk vinnur saman að því að allir eigi sömu möguleika í lífinu. „Ég er einfaldlega jafnaðarkona, þoli ekki svindl og spillingu eins og hefur birst okkur síðustu vikurnar í Íslandsbankaendaleysu ríkisstjórnarflokkanna.“

Hún bætir við að þetta séu sömu flokkar og hafa verið við stjórn í Hafnarfirði og skilur eftir þá spurningu fyrir kjósendur hvort það sé ekki kominn tími til þess að breyta til og hvíla kerfisflokkana.

Hildur Rós er bersýnilega kona með bein í nefinu og veit hvert hún stefnir í samstarfi við félagana sína í Samfylkingunni í Hafnarfirði. Þegar hún er spurð hvort hún sjái sig sem yngsta bæjarfulltrúann í Hafnarfirði eftir kosningarnar 14. maí næstkomandi situr ekki á svarinu, sem er stutt og laggott: „Já, ég er viss um það og ég veit að Hafnfirðingar verða í liði með okkur jafnaðarmönnum á laugar-daginn. Fólk vill breytingar og ný vinnubrögð. Við erum með afar sterkan lista og stöndum við gefin loford. Við erum tilbúin í verkin. XS, að sjálfsgöðu,“ segir baráttukonan unga. ■



Reykjavík besta borgin fyrir bestu framtíðina

1. töl. 2022 - Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Örn Sigurðsson



Gunnar H. Gunnarsson fyrrverandi verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg er í 1. sæti á lista **Reykjavík** - besta borgin

Eiga Reykvíkingar sér alvöru málsvara?

Samtök um betri byggð hafa í áratugi staðið að uppbyggilegri samfélagslegri gagnrýni og sett fram faglegar tillögur í skipulags og samfélagsmálum með almannahæð að leiðarljósi án tengsla við sérhagsmuni, atvinnugreinar, hagsmunahópa eða stjórnmál.

Það er þörf á neytendasamtökum á sviði borgarskipulags

Samtök um betri byggð skilgreina sig sem neytendasamtök á sviði borgarskipulags og hafa frá upphafi barist fyrir breyttri hugsun með heildarhagsmuni borgarsamfélagsins að leiðarljósi. Því miður hafa sérhagsmunir of oft ráðið ferðinni með slæmum afleiðingum fyrir höfuðborgarbúa og aðra landsmenn.

Reykjavík er í fjötrum landsbyggðahagsmuna

Landsmálaflokkar sem hafa stjórnað borginni í áratugi eru í fjötrum misvægis atkvæða, á valdi landsbyggðarafla sem ráða stefnu flokkanna um skipulagsmál Reykjavíkur, stefnu sem er andstæð hagsmunum höfuðborgarbúa sjálfra.

Landsbyggðaröflin stýra samgönguþróun ríkisins og lykilnefndum Alþingis, samgöngunefnd og fjárlaganefnd, þó meirihluti alþingismanna sé af

höfuðborgarsvæðinu. Því er nærtækt að álykta að borgarþátttakari eigi sér enga raunverulegan málsvara nema Samtök um betri byggð. E listinn, Reykjavík, besta borgin sækir kjarna stefnu sinnar til starfs og stefnu Samtaka um betri byggð.

Verðmæti fasteigna vestan Kringlu-mýrarbrautar mun hækka um 15%

Verðmæti alls húsnæðis vestan Kringlu-mýrarbrautar mun hækka um 15% að meðaltali þegar byggð er komin í Vatnsmýri í stað flugvallar. (Samkvæmt vísindamönnun hjá HÍ).

Borgin rukki ríkið um leigu fyrir flugvöllinn upp á 7 milljarða á ári

Sáttmála ríkis og borgar um flugvöllinn á að rifta og borgin á að krefja ríkið um 3.5% lóðarleigu á ári af lóðinni undir flugvöllinum (7 milljarða á ári) til að stugga honum burt sem fyrst. Borgi ríkið ekki leiguna og fari ekki burt með flugvöllinn (hratt) fari borgin í hart við ríkið og beiti öllum löglegum ráðum til að hrekja hann burt. Forsendan fyrir kosningaloforðum Reykjavík besta borgin er að hafa 7 milljarða á ári meira en önnur framboð til að fjármagna þau. Ef ekki með lóðarleigunni strax, þá með langtíma lántöku með veði í Vatnsmýrinni. Strax og tækifæri gefst verði Vatnsmýrarlóðin seld hæstbjóðanda.

Sjáðu framtíðina sem Reykjavík besta borgin er að bjóða þér

Reykjavík besta borgin berst fyrir mannúðlegu borgarskipulagi með sjálfbærni í fyrirrími þar sem tekið er mið af mannum, menningu hans og afkomu.

Reykjavík besta borgin vill:

- Byggja höfuðborgarsvæðið innávið og gera eðlileg borgargæði möguleg.
- Hverfa frá svefnbæjarstefnu, blanda saman atvinnu og búsetu og lágmarka umferð á milli vinnu og heimilis.
- Tryggja gangandi og hjólandi fólki aðstöðu til þátttöku í borgarráðinu.
- Leggja grunn að samræmdri stefnu í byggðarvernd og nýbyggingum.
- Styrkja miðborgarkjarna með þéttari íbúðarbyggð í baklandi hans.

Reykjavík besta borgin vill snúa frá:

- Són í vegakerfi, lögnum, eldsneyti, tíma og landrými.
- Þjáningum í formi félagslegrar einangrunar, álags, hreyfingaleysis, bílslys og mengunar.
- Rekstri flugvallar í miðborginni.
- Ljótaleika og óhagræði sérkennalausrar, útpynntrar bílaborgar.

Reykjavík besta borgin vill upplýsa um samspil borgarskipulags, lífsgæða og umhverfismála með því að:

- Sýna fram á umhverfisspjöll og óhagræði sem mikilli gegnumstreymisumferð hefur í för með sér.


- Sýna fram á áhrif þessa á lífsgæði, heilsu, félagslíf og fjárhag.
- Sýna fram á gildi almenningsrýmis fyrir mannlíf í þéttbýli.
- Flytja Reykjavíkflugvöll og nýta svæðið fyrir íbúabyggð.
- Móta áherslu á endurnýjun inn á við sem valkost við áframhaldandi útpennslu og útpynningu byggðar.
- Breyta kerfi samgönguleiða og stofnbrauta í skilvirkara borgarsvæði og tengja miðborgin að sunnan og norðan með brúargerð.

Reykjavík besta borgin vill vekja athygli íbúa með því afnema:

- Afskipti landbyggðar af borgarþróun án hagsmuna íbúa.
- Kyrkingartaki flokkanna á starfi kjörinna fulltrúa íbúa í Reykjavík.
- Taki landsbyggðarfulltrúa varðandi þróun á skipulagsmálum borgarinnar í skjóli atkvæðamismunar.
- Valdleysi íbúa í Reykjavík um málefni eigin umhverfis.

Reykjavík besta borgin vill stuðla að samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um umhverfisvernd, hagræði og sömu sýn um:

- Umferðarkerfi
- Almenningsgöngur
- Orkusparnað
- Byggingarþörf



Kjóstu betri framtíð með XE Reykjavík besta borgin
www.bestaborgin.is - www.facebook.com/bestaborgin

Hvers vegna skipta skipulagsmál svona miklu máli?

Sumir telja að skipulagsmál séu of flókin og tæknileg til að um þau sé kosið eða að fólk almennt hafi á þeim skoðun. Svo er ekki. Í borgarsamfélagi skipta skipulagsmál öllu máli því þau snerta hvern einasta borgara. Skipulagsmál eru sá flokkur sem myndar grunninn að öllum öðrum ákvörðunum í sveitarfélaginu.

Borgarskipulag er ramminn sem stjórnvöld setja utan um þjónustu sem þau veita og ætla að veita. Skipulag myndar líka ramman utan um allt okkar líf og tilveru. Sérstaklega hafa skipulagsmál mikil áhrif þegar við búum nálægt öðru fólki í borgum og bæjum.

Skipulagið segir til um það hvar er hægt að byggja, hvernig og hvenær. Íbúar hafa þá viðmið um það hvað telst ásættanleg nýting á landi og sömuleiðis hefur atvinnulífið hugmynd um það hve rnig byggð muni þróast til framtíðar.

Hvað skiptir máli í borgarskipulagi? Með skipulagi er ákveðið hvar skuli byggja íbúðabyggð, hvar félagsleg

þjónusta á borð við skóla og öldrunarheimili og verslunarsvæði eigi að vera og svo framvegis. En einnig hvar skuli vera miðborg, höfn eða flugvöllur. Í samræmi við það er samgöngukerfið mótað og byggt upp. En með þessu er sagan bara hálf sögð því útfærslan er jafn mikilvæg og innihaldið.

Þegar upp er staðið skiptir máli að skipulag byggðarinnar henti þér og þínum vel og að skapað sé umhverfi þar sem allir finni eitthvað við sitt hæfi: gamlir, ungir, fjölskyldur og einstæðingar, fátækir og ríkir því allir búa á sama borgarsvæði. Hugsaðu um hverfið þitt. Hvað er það sem höfðar til þín? Hverjir eru kostirnir og gallarnir? Hvað er það sem þú leggur mesta áherslu á að sé vel gert? Það getur verið nálægð við skóla, íþróttaaðstöðu, útivistarsvæði, ættingja eða verslun. Umhverfið ætti að skipta miklu máli: hvort þægilegt sé að ganga um hverfið og hvort manni líði vel úti á götum, stígum og torgum.

Reykvíkingar taki yfir samgöngur og stofni eigin vegagerð

Einhver stærstu samgöngumannvirkin í Reykjavík eru þjóðvegir. Það þýðir að Vegagerð ríkisins sem heyrir undir samgönguráðherra ræður þar ríkjum. Hvort sem er Miklabraut, Hringbraut, Sundabraut eða flugvöllurinn þá er það ríkið sem ræður eða þykjast ráða. Því það eru borgaryfirvöld sem hafa skipulagsskyldu á öllu landi innan borgarmarkanna.

Hagsmunaárekstur virðist óhjákvæmilegur sérstaklega ef það er haft í huga að ráðherrann er ekki fulltrúi borgarbúa á þingi. Hugmyndir um að greiða þurfi veggjald fyrir vegi í nágrenni Reykjavíkur en að einstaklega óarðbærar framkvæmdir á borð við jarðgöng á landsbyggðinni megi vera gjaldfrjálsar eru ekki traustvekjandi.

Af hverju er borgin eins og hún er?

Árið 1946 ákvað ríkisstjórn Ólafs Thors að láta ekki rífa óhrjáleган bráðabirgðaherflugvöll Breta í Vatnsmýri heldur gera hann að borgaralegum flugvelli, á langbesta byggingar- og mannvistarlandi Reykjavíkur, þar sem ella hefði óhjákvæmilega risið þétt og blönduð miðborgarbyggð á síðari helmingi 20. aldar í beinu framhaldi af þeirri byggð sem fyrir var innan Hringbrautar.

Á 76 árum hefur flugstarfsemi í Vatnsmýri hins vegar leitt yfir höfuðborgarsamfélagið og þjóðina alla miklar hörmungar. Af þessum sökum þekur byggð á höfuðborgarsvæðinu nú td. um ferfalt stærra svæði en annars hefði orðið og því eru allar götur, stígar, lagnir, veitur, og leiðir borgarbúa að meðaltali tvöfalt lengri en ella.

Neikvæð áhrif flugsins bitna með fullum þunga á öllum þáttum mannlífs í borginni. Hagkerfi Reykjavíkur er svo óskilvirkt að áhrifanna gætir á þjóðarhag og lífs- og launakjör landsmanna. Uppsafnað tjón á 70 árum er ólýsanlegt en nemur mörgum þúsundum milljarða í krónum talið.

Að snúa taflinu við En ábatinn af því að snúa nú við taflinu getur orðið gríðarlegur því með skynsamlegu ráðslagi má enn endurheimta verulegan hluta af öllum

þeim gæðum og tækifærum, sem glatast hafa á altari heimskunar á lýðveldistímanum. Það má leysa mörg af stærri samfélagsverkefnum næstu missera og ára með einföldum hætti.

Með þéttri og blandaðri miðborgarbyggð í Vatnsmýri í stað flugvallar stöðvast áratuga stjórnlaus útþensla byggðar á höfuðborgarsvæðinu og borgarhagkerfið verður mun skilvirkara til hagsbóta fyrir borgarbúa og aðra landsmenn.

Hvergi annars staðar en í Vatnsmýri er mögulegt að byggja með jafn hagkvæmum hætti og leysa íbúðaskort, skortáhrif á þjóðhagsstærðir, háan byggingarkostnað og hátt leiguverð.

Til dæmis geta borg og ríki auðveldlega mildað hér áhrif lóðaverðs á byggingarkostnað þegar það á við.

Þétting byggðar í Vatnsmýri mun draga hratt úr þörf fyrir akstur einkabíla um leið og góðar aðstæður skapast fyrir göngu, hjólréiðar og sjálfbærar almennasamgöngur. Þannig gerist það m.a. samtímis að lýðheilsa batnar og mengum og útblástur gróðurhúsalofttegunda minnkar.



Að finna stað fyrir flugvöll

Það hefur tekið samgönguráðherrana meira en 60 ár að leita að nýju flugvallarstæði og enn sér ekki fyrir endan á þeirri leit. Nú er til dæmis verið að kanna veður í Hvassahrauni þó þar hafi verið kannað veður árum og áratugum saman og þar séu fastar veðurstöðvar allt um kring. Þó Vatnsmýri, Hvassahraun og Miðnesheiði séu flugtæknilega á svipuðu eða sama veðursvæði. Ef til vill gæti herflugvöllurinn farið 2032 eða 2040? og það gæti farið að gjósa á Reykjanesi. Hvað verður þá um byggðina í Grindavík, um Bláa lónið, um Orkuveitu Suðurnesja, um Reykjanesbrautina og öll vatnsbólin?

Í meira en 76 ár, hefur starfandi samgönguráðherra hverju sinni dregið lappimar og um leið dregið kjörna fulltrúa Reykvíkinga af listunum landsmálaflokkanna á asnaeyrunum til ómetanlegs tjóns fyrir íbúa Reykjavíkur og aðra landsmenn, sem líklega ættu að hugsa sinn gang. Sterkar vísbendingar eru ma. um að landsbyggðarflóttinn á undangengnum áratugum hefði orðið verulega minni en ella án herflugvallarins í Vatnsmýri.

Pólitískur ómöguleiki Frambjóðendur landsmálaflokkanna til borgarstjórnar þann 14. maí nk. halda uppteknum hætti. Herflugvöllurinn fari úr Vatnsmýri. Sumir segja: „Ekki spurning um hvort heldur hvenær, það

þurfi bara fyrst að finna annan jafngóðan stað eða betri“. Aðrir segja að hann fari aldrei.

E listinn Reykjavík, besta borgin vill rjúfa þetta þrátefli þegar í stað. Vítahringur innistæðulauss yfirgangs samgönguyfirvalda annars vegar og hins vegar botnlausrar og ósiðlegrar undirgefni kjörinna fulltrúa Reykvíkinga hefur leitt af sér ólýsanlegar hörmungar árum og áratugum saman. Allir þættir samfélags og mannlífs í Reykjavík eru undir og mælirinn er löngu fullur.

Þegar borgarar svíkja föðurlandið undir erlend yfirráð kallast það landráð eða föðurlandssvík. Í því ljósi er ef til vill ekki óeðlilegt að bláeygir reykvískir kjósendur spyrji hvað megi þá kalla það þegar kjörnir fulltrúar Reykvíkinga svíkja borgina sína undir yfirráð ráðamanna Akureyringa og samherja þeirra á landsbyggðinni?

Viðvarandi undirlægjuháttur kjörinna fulltrúa Reykvíkinga áratugum saman er oft nefndur list hins mögulega. Hinir kjörnu hafa of lengi og of oft ástundað makk í skúmaskotum og í reykfylltum bakherbergjum. Þeir hafa látið ríkið og nágrennasveitarfélögin í Kraganum teyma sig á asnaeyrunum og tekið rangar skipulagsákvæðanir á færibandi.



Kjóstu betri framtíð með **XE Reykjavík besta borgin**
www.bestaborgin.is - www.facebook.com/bestaborgin

Frambjóðendur Reykjavík besta borgin



Á myndinni hér að ofan eru frambjóðendur frá vinstri, Guðmundur Óli Scheving, Halla Gunnarsdóttir, Örn Sigurðsson, Gunnar H Gunnarsson, Ingibjörg Gunnarsdóttir og Gunnlaugur M Gunnarsson. Á E listanum hjá Reykjavík, Besta borgin er fjölbreyttur hópur fólks sem kemur úr mörgum greinum atvinnulífsins. Það sem þetta fólk á sameiginlegt er að brenna fyrir bættum samgöngum, skilvirkara borgarskipulagi, auknum lífsgæðum borgarbúa og sanngjarnara skattaumhverfi.



Hvað er þétting byggðar?

Útþensla borgarbyggðar (urban sprawl) er eitt helsta vandamál margra vestrænna borga. Dreifð byggð lengir fjarlægð milli borgarbúa og eykur þörf fyrir notkun einkabílsins. Það er því miður rötgróinn misskilningur að þétting byggðar auki umferðaöngþveiti, því er öfugt farið. Í dreifðri borgarbyggð brestur grundvöllurinn fyrir nærpjónustu og aka þarf í smæstu erindi.

Almenningssamgöngur ganga ekki upp vegna fjarlægðar frá heimili að biðstöð og frá stoppistöð að áfangastað. Af sömu ástæðu er erfiðara að nota reiðhjól og tvo jafnfljóta. Þetta skapar þörf fyrir aukinn akstur, fleiri akreinar og breiðari götur, sem aftur eykur á vandann. Sjálf forsenda skilvirkrar og mannvænnar borgar er að hafa allt innan seilingar, í göngufæri eða tengt hraðvirkum og góðum strætó. Í dreifðri byggð verða allar vatnslagnir, raflagnir, veitur, götur og stígar mun lengri og kostnaðarsamari í uppbyggingu, viðhaldi og rekstri en ella.

Íbúar í þéttbýlum borgarhverfum eru mun líklegri til að ganga og hjóla á sinn áfangastað. Notkun almenningssamgangna er sömuleiðis meiri en almenn bílaeign er minni en hjá meðal Reykvíkingsi. Ástæðan er sú að léttari samgöngumáttar eru hagkvæmari þar sem nýting á samgöngumannvirkjum er mikil.

Reykjavík þróaðist eðlilega framan af síðustu öld. Vesturbærinn, miðbærinn og Þingholtin eru dæmi um eðlilega þetta og samfellda borgarbyggð. Í stríðslok var herflugvöllur Bretá í Vatnsmýri festur í sessi á landinu, sem Reykvíkingar fengu

1. janúar 1932 til að próa byggð höfuðborgarinnar með eðlilegum hætti. Þess í stað tók við gegndarlaus landsóun, stjórnllaus útþensla og úthverfavæðing íbúabyggðar sem ekkert lát er á.

Einstakt tækifæri
Í Vatnsmýri býðst einstakt tækifæri til að þetta byggð án þess að ganga á hlut íbúa sem fyrir eru. Þar eru rúmlega 140 hektarar óbyggðs lands innan flugvallargirðingar og alls 300 hektarar á svæðinu öllu. Svo stórt landsvæði gæti auðveldlega tekið við byggð fyrir 40 - 60 þúsund íbúa og fullnægt að verulegu leiti íbúðapörf höfuðborgarsvæðisins á næstu 15 - 20 árum. Landkostir eru miklir og nánd við þéttbýl svæði m.a. í Þingholtum, í Kvosinni og í Vesturbæ skapa saman skilyrði fyrir mjög öfluga og mannvæna nýja miðborg.

Svæðið sem flugvöllurinn stendur á er mun stærra en Gamli miðbærinn. Þess vegna gefst tækifæri til að framlengja miðborgarbyggðina, byggja þar upp öflugt, blandað og þétt miðborgarhverfi sem kallast á við einkenni Gamla miðbæjarinnss eins og hann er í dag.

Fjórða iðnbyltingin í Vatnsmýri
Kosturinn við Vatnsmýrina er líka að þar er þegar hafin mikil uppbygging á þekkingariðnaði sem er nákvæmlega sú tegund starfsemi sem þrífst best í miðborg. Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Íslensk Erfðagreining og Landsspítalinn eru dæmi um þá fjölbreyttu vinnustaði sem væru aðdráttarafl fyrir nýja íbúa svæðisins. Vísindagarðar Háskóla Íslands eru

einnig að rísa þarna. Þegar stór fyrirtæki hafa komið sér fyrir, er meira en líklegt að á svæðið leiti fyrirtæki sem þurfa að hafa mikil tengsl og samskipti við þau. Slík áhrif eru ekki bara samlegð heldur sammögnun, sem er aðalsmerki svæða á borð við Kísildalinn í Kaliforníu.

Má ekki bara byggja bæði úthverfi og miðborg?
Það má alveg byggja bæði úthverfi og miðborg. En á síðustu fimmtíu árum höfum við bara þanið út byggðina og byggt endalaus úthverfi, þannig að sennilega er löngu komið nóg af þeim langt umfram þörf og eftirspurn. Byggðin er í dag dreifð, bílaþörfin er mikil og því mjög áriðandi að breyta um stefnu. Við erum ekki bara á skilum Evrópu og Bandaríkjanna í jarðfræðilegu tilliti, heldur einnig í borgarfræðilegu tilliti. Reykjavík er að verða amerísk bílaborg og eftir áratug er etv. orðið of seint að snúa þróuninni við, umbreytingin verður komin til að vera. Í dag getum við breytt, á morgun gæti það verið of seint.

Íslendingum eins og öðrum vestrænum þjóðum mun fara fækkandi á komandi árum. Við erum aðeins á eftir í þessu í samanburði við aðra þannig að okkur fjölgar enn, en í minna mæli en áður. Íbúafjöldinn er því takmörkuð auðlind. Ef við byggjum allt í náinni framtíð í úthverfunum, myndi það anna fólksfjölgun alla 21. öldina og gott betur. Ef við viljum ekki sitja uppi með tómtn húsnæði í jaðri byggðarinnar, verður við að taka meðvitaðar ákvarðanir um að styrkja okkar miðborg. Það þarf að leggja áherslu á þéttingu byggðarinnar með uppbyggingu þar sem þéttast er fyrir.

Reykjavík besta borginn vill:

- Eignast öfluga nýja miðborg
- Stöðva stjórnlause útþennslu
- Minnka pendlun
- Minnka þörf fyrir einkabíla
- Minnka mengun
- Minnka útblástur Co2
- Auka lífsgæði
- Bæta lýðheilsu
- Ná loftlagsmarkmiðum
- Auka framboð byggingarlands
- Minnka skortáhrif húsnæðismarkaðar
- Auka framboð íbúarhúsnæðis
- Lækka leiguverð
- Minnka rekstrarkostnað heimila
- Minnka rekstrarkostnað atvinnulífsins
- Minnka rekstrarkostnað sveitarfélaga
- Bæta almenningssamgöngur
- Fleiri geti hjólað og gengið
- Endurheimta lofthelgina yfir Reykjavík
- Bæta skilyrði fyrir nýsköpun fyrirtækja
- Rjúfa einangrun vesturbæjar

XE Reykjavík, the best city wants to:

- increase the supply of housing
- improve cycling and walking facilities
- improve the bus
- abolish waiting lists for kindergarten
- raise leisure cards to kr. 80 thousand
- lower rental rates
- lower kindergarten fees
- lower the price of school meal
- lower local taxes
- reduce pollution
- reduce household costs
- lower the need for private cars

XE Reykjavík, którego chce najlepsze miasto:

- Zwiększyć podaż mieszkań
- Poprawa infrastruktury rowerowej i spacerowej
- Popraw transport autobusem rekreacyjnym
- Usuń listy oczekujących przedszkoli 2026
- Zwiększ kartę rekreacyjną do 80 000 ISK
- Niższe stawki czynsz
- Zmniejsz opłaty za przedszkole
- Obniż stawkę podatkuObiady gimnazjalne
- zanieczyszczenie
- Zmniejsz koszty operacyjne gospodarstw domowych
- Zmniejsz zapotrzebowanie na prywatny samochód



Kjóstu betri framtíð með XE Reykjavík besta borgin
www.bestaborgin.is - www.facebook.com/bestaborgin

Hverjir stjórna raunverulega borgarskipulaginu?

Eðlilegt er að spurt sé: Hverjir stjórna borgarskipulaginu í Reykjavík og ráða þannig örlögum borgarbúa?

Einfalda svarið er að það séu embættismenn og kjörnir borgarfulltrúar á framfæri Reykvíkinga. Annað blasir þó við öllum sem opna augun sín fyrir því augljósa. Það eru að sjálfsögðu forkólfar Akureyringa og samherjar þeirra á landsbyggðinni. Þeir ráða öllu, sem máli skiptir um þróun höfuðborgarinnar. Þeir misbeita illa fengnu valdi atkvæðamisvægis til að viðhalda flugvelli í Vatnsmýri.

Allir landsmálistar lúta sjálfkrafa þessu ógeðfelda ægivaldi. Á lýðveldistímanum og lengur hafa sömu landsmálaöflin einnig stjórnað Reykjavíkurborg. Þar reka þau skipulagsstefnu samkvæmt tilskipunum frá landsbyggðarstýrðum flokksstjórnnum sínum.

Í Mosfellsbæ, Kópavogi og Garðabæ var ekkert þéttbýli árið 1946. Þessir bæir eiga tilurð sína, vöxt og viðgang því einu að

þakka að þá var flugvöllur festur í sessi í Vatnsmýri. Þeir eru því varla hollir leikfélagar fyrir Reykvíkinga, að minnsta kosti ekki í skipulagsmálum. Þeir hafa lokkað til sín æ fleiri landsbyggðarbúa og stuðlað þannig að óábyrgri og stjórnlausri útpenslu byggðar.

List hins mögulega
Borgarstjórar og aðrir kjörnir fulltrúar Reykvíkinga af landsmálistum hafa á undanförunum árum og áratugum stundað „Realpolitik“, 15. aldar list hins mögulega, í anda Machiavelli og komist hjá því að styggja Akureyringa með F-orðinu og V-heitinu, FLUGVELLI og VATNSMÝRI, sem bæði eru hálfgerð bannorð í umræðum eða öllu heldur þöggun um skipulagshagsmuni borgarbúa.

Á 15. öld gátu fulltrúar borgaranna misst höfuðið; í dag geta kjörnir fulltrúar misst vinnuna.

Samfélagstjónið af því að festa í sessi og

viðhalda áratugum saman flugvelli þar sem ella hefði risið þétt og blómleg miðborgarbyggð er sannarlega óskaplegt og ólýsanlegt. En tækifærin sem skapast þegar flugvöllurinn víkur úr Vatnsmýri eru að sama skapi gríðarleg. Virði byggingarlands þar er a.m.k. 300 milljarðar kr. og tapið af því að fresta brottför flugsins er a.m.k. aðrir 300 milljarðar á hverju 20 ára tímabili.

Einn megintilgangur framboðs E lista Reykjavík, besta borgin er að útskýra fyrir kjósendum í Reykjavík að samkvæmt lögum er vald þeirra yfir öllu landi undir herflugvöllinum í Vatnsmýri og yfir öllu öðru skipulagi og landnotkun innan borgarmarkanna algert og óskorað þvert á það sem samgönguyfirvöld ríkisins og leiðitamir borgarfulltrúar og þingmenn landsmálistar hafa sagt í áratugi.

Keisarinn er ekki í neinu
Vald ríkisins er bæði formlaust, siðlaust og óraunverulegt og á sér enga stoð, hvorki í lögum né í öðru regluverki. Þetta

er eingöngu áhrifavald í krafti misvægis atkvæða. Áhrifavald yfir kjörnum fulltrúum Reykvíkinga úr landsmálaflokkum. Allir þessir kjörnu fulltrúar eru ofurseldir valdboði samflokksmanna sinna af landsbyggðinni, sem ráða lögum og lofum á landsfundum. Þar er stefnan mótuð m.a. gagnvart höfuðborginni og herflugvöllinum í Vatnsmýri.

Áratugum saman hafa samgönguráðherrar sagt að ef herflugvöllurinn færi úr Vatnsmýri yrði Reykjavík of góð! Og áratugum saman hafa þeir líka sagt að herflugvöllurinn fari ekki úr Vatnsmýri fyrr en jafngóður eða betri staður finnist fyrir miðstöð innanlandsflugsins. Og áratugum saman hafa sérfræðingar fundið hvert ákjósanlega flugvallarstæðið öðru betra.

Líklega tók það Breta og Bandaríkjamenn varla nema 60 mínútur að finna staði fyrir sína herflugvelli, í Vatnsmýri 1941 og á Miðnesheiði 1943.



Okkar markmið er að Reykjavík sé með...

- **bestu** samgöngurnar
- **besta** skipulagið
- **bestu** lífsgæðin
- **bestu** skattana

XE fyrir **bestu** borgina og **bestu** framtíðina

XE Reykjavík **besta borgin** er eini framboðslistinn með stefnumörkun sem byggir eingöngu á hagsmunum íbúa í Reykjavík

Stundum eru forsendur svo efnahagslega stórar að þær hafa áhrif á næstum alla þætti samfélagsins. Eitt besta dæmið um þetta er staðsetning á Reykjavíkurflogvelli sem klífur borgina í tvær skipulagsheildir og kemur í veg fyrir að hægt sé að vera með skilvirkar samgöngur, hagfellt skipulag, góð lífsgæði og sanngjarna skatta. Takmarkanir í uppbyggingu vegna Reykjavíkurflogvallar varðandi lofthelgi hafa markvisst hamlað eðlilegri þróun í skipulagi á stórum hluta borgarinnar sem hefur einnig haft alvarlegar afleiðingar varðandi lífsgæði. Þetta hefur skapað mikla kostnaðaraukningu og stuðlað að hærri skattbyrði á íbúa í Reykjavík.

Þetta staðfestir skýrsla Samráðsnefndar samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborg (sjá) sem unnin var á árinu 2007 varðandi hagræn áhrif á samfélagið ef Reykjavíkurflogvöllur verði fluttur annað. Versti kosturinn er að hafa flugvöllinn áfram með árlegum kostnaði upp á 4.3 milljarðar (uppfært í dag um 8 milljarða króna). Allir kostir um aðra staðsetningu skila tuga milljarða hagrænum bata fyrir samfélagið og bestí kosturinn í skýrslunni mundi skila um 38 milljörðum króna í árlegum ábata (Þetta er niðurstaða úr svokallaðri ParX-skýrslu frá 2007 og ætti að vera um 74 milljarðar á ári á núvirði).

Á þessum forsendum byggja málefnalegar áherslur hjá **Reykjavík besta borgin** um að að vera með bestu samgöngurnar, besta skipulagið, bestu lífsgæðin og bestu skattana. Sá þáttur sem hefur mest áhrif á alla þessa þætti er staðsetningin á Reykjavíkurflogvelli. **Reykjavík besta borgin** er eina framboðið í Reykjavík sem einbeitt sér alfarið að hagsmunum þeirra sem þar búa. Aðrir framboðslistar eru með innbyggðan kerfisgalla og vinna sjálfkrafa gegn hagsmunum borgarbúa og jafnvel þjóðarhag sem landsflokkar.

XE Reykjavík, **besta borgin** ætlar að:

- lækka útsvar
- lækka fasteignagjöld einstaklinga
- lækka leikskólagjöld
- eyða biðlistum á leikskóla 2026
- lækka strætógjöld
- hækka frístundakort í 80 þúsund krónur
- lækka skólamáltíðir um 50%
- standa við markmið borgarinnar um minnkun á CO2 útblæstri. (Það næst einungis með þéttri og blandaðri byggð í Vatnsmýri!)
- bæta þjónustustig aðalgaðnakkerfisins og fara í þær endurbætur sem þarf til að ná því markmiði.

XE **Reykjavík besta borgin** er með stefnu sem fullfjármagnar öll þessi kosningaloforð (með því að flugvöllur fari).

Samkvæmt úttekt óháðra aðila sem unnu skýrslu (sjá) fyrir Reykjavíkurborg og Samgönguráðuneyti getur þjóðhagslegur ábati af því að Reykjavíkurflogvöllur fari verið rúmí 38 milljarðar á ári (Þetta er niðurstaða úr svokallaðri ParX-skýrslu frá 2007 og ætti að vera um 74 milljarðar á ári á núvirði).



Kjóstu betri framtíð með **XE Reykjavík besta borgin**
www.bestaborgin.is - www.facebook.com/bestaborgin

Fann lífskraft með túrmerikinu

Sirrý Ágústsdóttir heyrði fyrst af krafti túrmeriks árið 2015. Þá var hún í seinni krabbameinsmeðferð sinni og leitaði meðal annars lausna við bjúgsöfnun. „Ég er enn bólusækin og fæ auðveldlega bjúg og liðverki. Þar finnst mér hjálpa mjög að taka túrmerik og önnur bætiefni,“ segir hún.

Sirrý greindist fyrst með leg-hálskrabbamein árið 2010. „Ég var nýbúin að eiga fjórða barnið mitt svo þetta var ákveðið áfall,“ segir Sirrý. Fimm árum síðar tók krabbameinið sig upp aftur. „Ég fór í tvær þungar meðferðir sem reyndu mjög á kroppinn. Eftir svona harkalega meðferð fer maður til dæmis á ótímabært breytingaskeið. Einnig eykur meðferðin á beinþynningu og orsakar bólgur í líkamanum. Það fylgja miklir liðverkir og svefnraskanir. Einnig fylgir léleg upptaka á bætiefnum í maga. Ég hætti til dæmis alveg að framleiða B12 og þarf að hafa fyrir því að halda vítamína- og steinefnamagni í líkamanum í lagi.“

Kynntist krafti túrmeriks
„Ég heyrði fyrst af túrmeriki 2015 frá vinkonu minni, Mörtnu Ernsts dóttur hlaupara og byrjaði að taka það inn í olíuformi og í hylkjum. Þegar ég prófaði túrmerik frá ICEHERBS fann ég hvað það fór vel í magann á mér og mér leið vel af því. Túrmerik-hylkin frá ICEHERBS eru kröftug og ég fann mun á mér á sjötta eða sjöunda degi, aðallega í bólgu-



Sirrý segir túrmerik hjálpa við að halda bólgu niðri. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

söfnun. Hylkin fannst mér virka vatnslosandi og ég fann fyrir mun minni þrota í fingrum og fótum. Áður var ég í vandræðum með að hafa giftingarhringinn á mér. Ég var með æxli vinstra megin upp við sogæð og síðan hefur sogæðakerfið virkað illa. Ég bólgná því almennt meira í vinstri helmingi líkamans og túrmerik virðist hjálpa mér að halda bólgu niðri. Margar konur, og örugglega karlar líka, glíma við bólgu og eru viðkvæm fyrir bjúgsöfnun. Ég get ímyndað mér að túrmerik frá ICEHERBS geti verið hjálplegt fyrir mjög marga.“

Hraustari með ICEHERBS
„Regluleg inntaka bætiefna hjálpar mér að vinna á sýkingum. Eftir meðferðirnar er ég með lélegt ónæmskerfi, enda drepur meðferðin hvítu blóðkornin sem vernda okkur gegn ýmsum sýkingum. Þarna skiptir auðvitað líka

máli gott og heilbrigt mataræði og svo hreyfing.“

Lífskraftur Sirrýjar
Sirrý stofnaði Lífskraft fyrir rúmum tveimur árum. „Lífskraftur er góðgerðarfélag sem hefur staðið á bak við krabbameinsdeildina og meðal annars safnað fyrir endurbótum á tækjakosti. Við förum í göngu á Hvannadalshnjúk og Vatnajökul fyrir ekki svo löngu síðan. Ef faraldurinn leyfir kynnum við fljótlega næsta verkefni. Ég sæki mikið í hreyfingu og útivist og finn að það skiptir miklu máli að taka rétt bætiefni þegar ég er undir álagi. Bætiefnin frá ICEHERBS virðast hafa þau áhrif að ég verð sjaldan, eða eiginlega aldrei veik. Þegar við Snjódrifurnar vorum að æfa fyrir Lífskraft fann ég augljósan dagamun á mér ef ég gleymdi að taka inn túrmerik og önnur bætiefni. Ég fékk ýmist



meiri bjúg, var stanslaust að fá sinadrætti, var lengur að jafna mig í vöðvunum eftir æfingar og var almennt þreyttari. Orkan var einfaldlega minni. Ég finn líka mikinn mun á mér í vinnunni og heima, en ég starfa hjá Epal og stend í fæturna allan daginn. Svo er ég með stórt heimili. Það skiptir því miklu fyrir mig að gera allt sem ég get til þess að vera heilsuhraust. Mér líður vel í dag og ég lifi ekki í ótta við að krabbameinið taki sig upp að nýju. Ég nýt þess að vera til alla daga og hef gaman af því að stunda útivist og hreyfa mig. Heilsan skiptir mig gríðarlega miklu máli upp á að njóta þess að vera til, að vera heilbrigð og hraust. Ég finn líka að ég er öflugri ef ég er dugleg að nýta mér þau úrræði sem mér standa til boða, eins og að taka inn bætiefni sem hafa áhrif á mína heilsu.“

Árangursrík blanda
Túrmerik hefur verið notað í þúsundir ára til þess að vinna gegn ýmsum bólgu og sjúkdómum en virka efnið kúrkúmin er talið hafa sterk bólgu-eyðandi og andoxandi áhrif. Þá hafa bólgu-eyðandi eiginleikar túmeriks gefið sér-staklega góða raun gegn gigtarsjúkdómum og lið-verkjum auk þess sem það örvar blóðflæði og hefur góð áhrif á húðvandamál og sár. Blandan inniheldur svartan pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks. Túrmerik blandan frá ICEHERBS inniheldur fjallagrös en virkni þeirrar lækningarjurtar hefur gefið henni viðurnefnið ginseng Íslands. Í fjallagrösum er að finna svokallaðar betaglúkantrefjar sem eru taldar aðstoða við þyngdartap, draga úr bjúg, bæta meltingu og styrkja þarmana, sér í lagi ristilinn. Þau hafa meðal annars reynst árangursrík gegn slímmyndun og óæskilegum bakteríum. Fjalla-grösin gera ICEHERBS blönduna að ofurblöndu en þau hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg og viðurkennd lækningajurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og eru talin auka skilvirkni í upptöku næringarefna sem gera bæði innihaldsefnin sterkari saman. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri mat-vöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Bragðmikill og góður hversdagsmatur

Hversdagsmatur getur vafist fyrir mörgum, sérstaklega þegar fólk er á hlaupum og kemur seint heim. Hér eru tveir réttir sem tekur ekki langan tíma að elda en eru mjög bragðgóðir.

elin@frettabladid.is

Þótt grilltíminn sé hafinn er óþarfi að grilla á hverjum degi. Stundum langar mann bara í góða súpu eða bragðgóðan fisk.

Blaðlauks- og spergilskálssúpa með eggi fyrir fjóra

Græn og sumarleg súpa sem er bæði bragðmikil og gefur góða orku.

- 1 blaðlaukur
- 1 haus spergilkál
- 1 lítri vatn
- 2 kjúklingateningar
- 1 msk. grænt pestó
- 1 dl rjómi
- Safi úr einum sítrónubáti
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. nýmalaður pipar
- 4 msk. jómfrúarolía

Hleypt egg

- 1 lítri vatn
- 1 tsk. edik, 7%
- 1 tsk. salt
- 4 köld egg

Þvoið blaðlaukinn og skerið niður. Deilið spergilkálinu í bita. Takið stilkinn og skerið í sneiðar. Látið suðuna kom upp á vatninu með kjúklingakraftinum. Setjið grænmetið út í og látið sjóða þar til



Fallega græn blaðlauks- og spergilskálssúpa með hleyptu eggi. FRÉTTABLAÐID/GETTY



Þorskur í kókos og karri. Hægt er að nota hvaða fisk sem fólk kys sér.

það mýkist. Maukið með töfrasprota eða í matvinnsluvél. Hitið súpuna aftur og bragðbætið með grænu pestói, rjóma, sítrónusafa, salti og pipar. Fyrir eggin: Sjóðið vatn með ediki og salti. Minnkið hitann. Brjótið eggjið varlega í bolla, eitt í einu, og setjið varlega út í vatnið. Látið eggjið stifna í um það bil 4 mínútur og takið þau varlega upp. Setjið súpuna á diskana og eitt egg út í hvern. Dreifið smá olíufolíu yfir. Gott er að hafa nýtt brauð með súpunni.

Fiskur í karrísósu er góður réttur sem hentar fyrir alla fjölskylduna.

Þorskur í kókos og karri fyrir fjóra

Indverskur fiskréttur sem er ákaflega góður og einfalt að gera.

- 200 g hrísgrjón
- 600 g þorskflak
- 1 blaðlaukur
- 2 grænar paprikur
- 2 msk. olía
- 2 msk. curry paste
- 4 dl kókosmjólk
- Safi og börkur af einni limónu
- 4 msk. ferskt kóríander, smátt skorið
- 1 rauður chili-pipar, smátt skorinn

Sjóðið hrísgrjón eftir leiðbeiningum á umbúðum. Skerið fiskinn í mátulegar bita fyrir fjóra. Bragðbætið með salti. Skerið blaðlauk og papriku í litla bita og steikið á pönnu þar til grænmetið mýkist. Bætið þá við curry paste og hrærið áfram í tvær mínútur. Loks er kókosmjólkinn sett saman við og allt látið malla í 3-4 mínútur. Þá er fiskurinn settur út í ásamt límónusafa og -berki. Bragðbætið með salti og pipar. Setjið lok á pönnuna og sjóðið áfram í 5-6 mínútur eða þar til fiskurinn er soðinn. Dreifið kóríander og chili yfir. ■

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

ÓSKA EFTIR TOYOTA YARIS
Toyota Yaris live 1000 cc frá árg. 2016 til 2018, lítið ekinn, vel með farin óskast til kaups. Uppl. í s. 699 3982

Bátar

MARÁS

TOHATSU

UTANBORDSMÓTORAR



JAPÓNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir

Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær

Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215 og 790 9021

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Heilsa

Heilsuvörur

gottcbd.is



Atvinnublaðið



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Parftu að ráða?

ráðum

ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu

Holtavörðuheidiarlína 1

Landsnet hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats á Holtavörðuheidiarlínu 1 frá Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheidi.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar, Skipulagsfulltrúa Skorradaishrepps og er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 8. júní til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar

Hafnarfjarðarbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sléttuhlíðar samkvæmt l. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er orðalagsbreyting til að kveða á um breyttan þakhalla og veggghæð ef um er að ræða einhalla þak.

Breytingartillagan verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá **11.05 - 22.06.2022**. Gögn má einnig nálgast á hfj.is/skipulag.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna á skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en **22.06.2022** eða skriflega í þjónustuver.


Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



hafnarfjordur.is


Húsgögn fyrir kaffihús, bari og veitingastaði

FAMEG
GERMAN DESIGN



**KAY**
ITALIAN INTERIOS



PEDRALI®
THE ITALIAN ESSENCE



HVALFJARÐAR SVEIT


Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur á 350. fundi sínum þann 26. apríl 2022 samþykkt að auglýsa Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagstillagan samanstendur m.a. af forsenduhefti, umhverfisskýrslu, greinargerð, sveitarfélagsuppdrætti, þéttbýlis-uppdrætti fyrir Melahverfi og Krossland ásamt fleiri uppdráttum. Einnig er auglýst tillaga að skrá yfir vegi í náttúru Íslands skv. 32. gr. laga um náttúruvernd. Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 tekur við af Aðal-skipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Í nýja aðalskipulaginu er stuðlað að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og blómlegt mannlíf til að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Áfram verður stuðlað að öflugum landbúnaði, áframhaldandi fjölbreyttri iðnaðarstarfsemi og fjölbreyttum atvinnutækifærum s.s. við ferðaþjónustu, skógrækt, umhverfisvernd ofl.

Tillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, að Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík frá og með **11. maí 2022 til 22. júní 2022**. Skipulagsgögn eru einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.hvalfjardarsveit.is>

Hverjum þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **22. júní 2022**. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á netfangið adalskipulag@hvalfjardarsveit.is eða með bréfpósti stílað á skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranesi. Kynningarfundur verður auglýstur síðar á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

Jökull Helgason
Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar

Heilaspuni ritstjórans



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum

Sigmundur Ernir Rúnarsson hélt upp á að vera útnefndur heiðursfélagi Blaðamannafélags Íslands með því að birta stórfurðulega forystugrein í Fréttablaðinu 7. maí 2022. Textinn er að stórum hluta dæmalaust rugl og efnislega langt frá því að standast lágmarkskröfur sem gera verður til fjölmiðlafólks um að skilja á milli staðreynda, skáldskapar og eigin heilaspuna.

Mikið liggur við. Þetta er greinilega hugsað sem innlegg ritstjórans í þjóðmálaumræðu vegna kosninganna á laugardaginn kemur. Hann hefði betur verið gagnrýnni á heimildarmann sinn í Eyjum en ef til vill voru refirnir einmitt skornir í þeim tilgangi að hagræða sögunni að vild, skítt með staðreyndir.

Stórbrotnasta fullyrðing ritstjórans er að Vinnslustöðin og Ísfélagið hafi „raðað sínu fólki“ á framboðslista Sjálfstæðisflokksins til sveitarstjórnar í Eyjum. Sjálfstæðismenn efndu til prófkjörs og þar tóku 937 manns þátt í að skipa framþjóðendur á lista. Níu af hverjum tíu settu Eyþór, útgerðarstjóra Ísfélagsins, í eitt af efstu sætum og liðlega átta af hverjum tíu settu Rut, dóttur Haraldar Gíslasonar, eins aðaleiganda Vinnslustöðvarinnar, í eitt af efstu sætum. Þau fengu yfirgnæfandi flest atkvæði í prófkjörinu.

Svo er það fjölmiðlaþátturinn í naglasúpu ritstjórans. Hann skrifar: [Vinnslustöðin og Ísfélagið] „keyptu hvort sinn ríkjandi hlut í bæjarblaðinu Eyjafréttum og sameinuðust um að koma rétta fólkinu að ritvélinni.“

Það sem gerðist 2019 var fyrir opnum tjöldum og frá málavöxtum var skilmerkilega greint. Ritstjórinn og heimildarmaður hans í Eyjum hefðu auðveldlega getað flett því upp og hafa kannski gert en ákveðið að leiða hjá sér. Skítt með staðreyndir.

”Ég bið ekki um neina vægð sjávarútvegsfyrirtækjum til handa í fjölmiðlum og óska ekki eftir öðru en málefnalegri, upplýsandi og gagnrýnni umfjöllun um þessa atvinnugrein líkt og annað.

Vinnslustöðin hefur um árabíl átt hlut í fjölmiðlafélaginu Eyjasýn. Hlutfjárukning eigenda þess 2019 hafði nákvæmlega ekkert með úrslit kosninga 2018 að gera heldur stefndi reksturinn í þrot. Eigendur vildu hins vegar reyna til þrautar að halda starfseminni gangandi.

Í Fréttum, blaði sem Eyjasýn gefur út í Eyjum, var haft eftir mér í ársbyrjun 2020:

„Svo vil ég endilega að halda því til haga að Vinnslustöðin tók þátt í því á árinu 2019 að stuðla að áframhaldandi útgáfu Frétta, bæði blaðs og vefs. Vinnslustöðin var um árabíl afskiptalaus hluthafi í Eyjasýn en stóð frammi fyrir því 2019 að útgáfunni yrði hætt. Við og meðeigendur okkar ákváðum að stuðla að framhaldslífi Eyjasýnar, ekki í okkar þágu heldur í þágu alls samfélagsins í Eyjum.

Vinnslustöðin ætlar sér hvorki að koma að fjölmiðlarekstri til langframa né hafa aðra skoðun á ritstjórnarstefnu Eyjasýnar en þessa: Fréttir eiga og verða að þora að fjalla um málefni Vestmannaeyja í víðasta skilningi, líka það sem telst ef til vill „viðkvæmt“. Þar á ekki að undanskilja neitt, hvorki í bæjar-málapólitik, starfsemi fyrirtækja, menningu, félagslífi né hvaðeina annað en starfa auðvitað á hlutlægum og faglegum forsendum.

Nú er til að mynda mikil umræða í samfélaginu um verðmyndun sjávarafurða og tengist meðal annars Vinnslustöðinni. Ég ætlast beinlínis til þess að Fréttir hafi kjark til að fara inn í þá umræðu eins og annað, setji sig inn í málið,

spyrji forystumenn sjómanna og sjávarútvegsfyrirtækjanna, opinberar stofnanir, stjórnmalamenn í sveitarfélaginu og á landsvísi, upplýsi um mismunandi sjónarmið og greini mál á eigin forsendum.

Slíkt er hlutverk fjölmiðla. Þeir segja fréttir og fjalla um mikilvæg málefni á hverjum tíma. Vestmannaeyjar yrðu fátækari ef rödd Frétta heyrðist ekki lengur. Ég bið um málefnalega, upplýsandi og gagnrýna umfjöllun. Þar á allt að vera undir, líka starfsemi Vinnslustöðvarinnar og annarra eigenda Eyjasýnar!“

Ég hef ekki skipt mér af ritstjórnarstefnu Eyjasýnar, hvorki fyrr né síðar, en get sagt það nú að mér varð ekki að þeirri ósk minni að Eyjafréttir hefðu kjark til að fjalla með málefnalegum hætti um verðlagsmál sjávarútvegsins.

Ég bið ekki um neina vægð sjávarútvegsfyrirtækjum til handa í fjölmiðlum og óska ekki eftir öðru en málefnalegri, upplýsandi og gagnrýnni umfjöllun um þessa atvinnugrein líkt og annað. Og umfram allt að staðreyndir séu í heiðri hafðar en ekki hugarburður í annarlegum tilgangi á borð við þann sem nýbakaður heiðursfélagi Blaðamannafélagsins lætur sér sæma að byggja á í forystugrein sinni. Staðreyndir sem hann hefði getað fengið með stuttu símtali eða tölvupósti.

Vinnslustöðin kom við sögu í Kastljóspætti vorið 2012 þar sem sakir um gróf lögbrot voru bornar á fyrirtækið. Á daginn kom að allt sem þar var fullyrt reyndist rakalaus þvættingur, hrein og klár lygi. Ábyrgð á þessu báru Helgi Seljan, nú titlaður „rannsóknarritstjóri“ Stundarinnar, og Sigmar Guðmundsson, nú alþingismaður Viðreisnar. Hvorki þeir né RÚV hafa beðist afsökunar.

Fróðlegt væri nú og upplýsandi ef ritstjóri Fréttablaðsins rifjaði upp þessa fréttafölsun í forystugrein við tækifæri. Sigmar myndi ábyggja legga honum lið sem heimildamaður um baktjaldamakk Kastljóss, Seðlabankans og þáverandi ríkisstjórnar. Er það annars ekki svo að Viðreisn sé í göngufæri frá Fréttablaðinu? ■

Hvert stefnum við í orkumálunum?



Úrsúla Jünemann kennari á eftirlaunum og náttúruvínur

Nýverið er búið að samþykkja hjá Skaftárhreppi að veita leyfi fyrir Hnútuvírkjun sem mun raska hluta af Eldhrauninu. Þó að í náttúruverndarlögunum segi skýrt að staðir sem hér er um að ræða njóti sérstakrar verndar. En sveitarstjórnarmenn með peningaglampa í augunum virðast hafnir yfir slík lög.

Mikið er talað um að orkuskortur sé yfirvofandi á Íslandi og það þurfi að virkja meira, byggja fleiri vatnsaflsvirkjanir og setja upp vindmyllugarða út um allar trissur. Og það sé allt saman umhverfisvænt og orkan sem fengist með þessu sé „græn orka“. En er það svo?

Með tilkomu vatnsvirkjana fer dýrmætt land undir uppistöðulón. Sveiflukennt vatnsyfirborð lónsins leiðir til leir- og sandfoks sem skemmir gróðurinn allt þar í kring. Við höfum séð mörg dæmi um þetta. Þó að vatnsaflsvirkjun sé „bara“ rennslisvirkjun fylgja slíkum

framkvæmdum einnig talsverðar skemmdir.

Stórar vindmyllur þurfa traustar undirstöður. Þetta og lagning vega tengt þessu kallar á mikið jarðrask. Það þarf talsvert efni í vindmylluspaðana, framleiðsla þeirra og flutningur kosta örugglega mikla orku. Mér skilst að við endurnýjun spaðanna verði gamla settið ekki endurunnið heldur urðað. Flutningur raforkunnar kallar á háspennulínur með tilheyrandi raski og sjónmengun.

Ásýnd landsins mun biða hnekki með öllum þessum fyrirhuguðu virkjanaáformum. Við eigum hér ennþá stærstu og frekar lítt skemmd víðerni í Evrópu. Þetta eru svo ótrúlega mikil verðmæti sem verða ekki reiknuð í beinhörðum peningum. Við tölum hér um lífsgæði sem felast í upplifun, bæði okkar landsmanna og erlendra ferðamanna.

Snúum okkur nú að því hvort það þurfi í raun og veru að auka orkuöflun svona gríðarlega eins og margir vilja telja okkur trú um. Eins og stendur fara einungis um 18% til almennrar notkunar, um 5% er sóað og um 78% fara í stóriðju og aðra stórnotendur. Þetta má lesa í grein sem Tryggvi Felixson, formaður Landverndar, skrifaði þann 17. mars í Kjarnanum. Sérlega sorglegt er að

mikið af orku fer í gagnaverin hér á landi sem sjá aðallega um uppgröft á rafmynt sem þjónar engum samfélagslegum tilgangi. Við gætum nýtt orkuna sem er nú þegar til staðar á annan og betri hátt. Við gætum stutt garðyrkjubændur með því að selja orkuna til þeirra á hagstæðari kjörum. Þá gætum við neytendur fengið hollustufæði á betra verði og jafnvel væri inni í dæminu að flytja eitthvað af því út. Eftirspurn eftir hreinum og ómengduðum afurðum fer sífellt stækkandi. Nytjaskógrækt er alveg inni í dæminu til langs tíma litið og hefur um leið jákvæð áhrif á loftslagsmálin. Við sjáum einmitt núna hvernig hráefnisverð rýkur upp með tilkomu stríðsins í Úkraínu. Efling á alls konar landbúnaði er auk þess mjög atvinnuskapandi.

Í gær tók ég stóra og mikla bók úr hillunni sem hefur verið þar lengi. Þetta stórbrotna verk heitir Hálendið í náttúru Íslands, er eftir Guðmund Pál Ólafsson heitinn og var gefið út árið 2000. Mér er mjög minnisstætt þegar höfundurinn tók fallegu bókina sína nokkrum árum seinna og reif margar blaðsíður úr henni þar sem var fjallað um staði sem var búið að eyðileggja, flesta fyrir orkumannvirki í misgóðum tilgangi.

Ætlum við virkilega að halda áfram á þeirri braut? ■

ÞAÐ
BESTA FYRIR
HAFNARFJÖRÐ

XD

Höldum konum
í bæjarstjórn Hafnarfjarðar!

Verið velkomnar í kvöld í Bæjarbíó, Strandgötu 6, á miðvikudagskvöldið 11. maí kl. 18:00, að skála með okkur í búbblum og njóta léttra veitinga.

Snjólaug Lúðvíksdóttir, uppistandari og Hafnarfjarðarmær, verður með uppistand. Tjörnesbræður keyra upp fjörið eftir uppistandið og trúbadorinn Snorri tekur við.

Af þeim 8 flokkum sem eru í framboði í Hafnarfirði eru oddvitarnir allir karlar nema hjá Sjálfstæðisflokknum þar sem Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, er oddviti listans.

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir er í baráttusætinu hjá Sjálfstæðismönnum, kjósum konur í bæjarstjórn!

Sjáumst í kvöld og setjum
x við D á laugardaginn.





Elsku pabbi okkar, tengdapabbi,
afi, langafi og langalangafi,

Ásgeir J. Guðmundsson

húsgagnasmiður,
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 10. maí.

Sigmundur Ásgeirsson
Guðmundur Ásgeirsson
Póra Ásgeirsdóttir
Ásgeir Ásgeirsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Kristín Ottesen
Jónína Magnúsdóttir
Þorvaldur Gíslason
Berglind Harðardóttir



Okkar ástkæri,
Eiður Páll Sveinn
Kristmannsson

Skógarvegi 6,

verður jarðsúnginn frá Háteigskirkju
föstudaginn 13. maí klukkan 15.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á
Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Ólöf Gísladóttir



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og sonur,
Guðmundur Andrésson

rafeindavirki,
Barrholti 13, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans
í faðmi fjölskyldunnar, föstudaginn 6. maí.
Jarðsúngið verður frá Digraneskirkju,
þriðjudaginn 17. maí kl. 11.00.

Ásthildur Davíðsdóttir
Eva Katrín Guðmundsdóttir
Erla Björk Guðmundsdóttir
Eiríkur Ingi Kristinsson
Sara Eiríksdóttir
Eypör Eiríksson
Lilja Eiríksdóttir
Andrés Þ. Guðmundsson



Okkar kæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Ögmundur Einarsson

Árskógum 1b, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 6. maí.
Útförin fer fram frá Áskirkju,
mánudaginn 23. maí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin
og Nýrnafélagið.

Magdalena Jónsdóttir
Kristín Ögmundsdóttir
Einar Ögmundsson
Davíð Jón Ögmundsson
Gunnar Haraldsson
Kristín Póra Gunnarsdóttir
Eva Dögg Þorgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma, systir, mágkona og frænka,

Sigrún Hallgrímsdóttir

Furugerði 1, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi
laugardaginn 23. apríl.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju
fimmtudaginn 12. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast
hennar er bent á Kristniboðssambandið.
Streymt verður frá útförinni á: www.facebook.com/saltkristidsamfelag og www.mbl.is/andlat.

Bryan Allen Smith
Halla Marie Smith
Elisabeth Rökkurdis Mai og Sigrún Rós
Valgerður Hallgrímsdóttir
Ármann Snær Torfason
Snærún Tinna Torfadóttir
Anton Smári og óskirður drengur

Nelly Nguyen
Anton Rafn Ásmundsson
Torfi Dan Sævarsson
Agnes Björg Sigurðardóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

Sesselja Eiríksdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Ási
í Hveragerði þriðjudaginn 3. maí.
Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju
mánudaginn 16. maí kl. 13.

Hjartans þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Ási
fyrir góða umönnun.

Alfreð Dan Þórarinnsson
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir
Björg Alfreðsdóttir
Sólveig Dögg Alfreðsdóttir
Ragnar Z. Guðjónsson
Loftur Kristinn Vilhjálmsson
Ingólfur Hafsteinsson
og ömmubörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Sveinn Einarsson

rennismiðameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
mánudaginn 2. maí sl.

Útförin fer fram frá Lindakirkju
föstudaginn 13. maí klukkan 13.

Einar Þór Guðmundsson
Sigríður Hellen Sveinsdóttir
Hjördis Erla Sveinsdóttir
Páll Baldvin Sveinsson
Geir Grétar Sveinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Allan Muller
Alexander Eyjólfsson
Berglind Sigurðardóttir



Sigurður Helgi Oddsson, Þorvaldur Gylfason og Berta Dröfn Ómarsdóttir.

MYND/ADSEND

Frá Hannesarholti að Gardavatni

Ítölsk söngvabók Þorvaldar Gylfasonar og Kristjáns Hreins-sonar gerjaðist vel í faraldrinum og verður nú frumflutt í Hannesarholti um helgina. Þaðan er ferðinni heitið að Gardavatni.

arnartomas@frettabladid.is

Ítalska söngvabókin (Il canzoniere italiano) er safn sönglaga eftir Þorvald Gylfason prófessor við ljóð eftir Kristján Hreinsson skáld og heimspeking í ítalskri þýðingu Olgu Clausen, aðalræð-ismanns Íslands í Milanó. Lögin verða frumflutt í Hannesarholti um helgina eftir tveggja ára töf.

„Við Kristján ákváðum að safna saman nokkrum lögum og ljóðum úr fyrri söngvaflokkum okkar og einum nýjum sem verður frumfluttur í Hörpu í haust og snara þeim yfir á ítölsku,“ segir Þorvaldur. „Olga þýddi þessi kvæði Kristjáns með tilheyrandi bragarhátum yfir á fína og sönghæfa ítölsku. Þannig urðu þessi íslensku lög ítölsk, eitt af öðru.“

Frumflutningur á Ítölsku söngva-bókinni í Hannesarholti var upphaf-lega auglýstur í mars 2020 en þá skall faraldurinn á af fullum þunga og þurfti hópurinn að biðja um frest. Þau sátu þó ekki auðum höndum heldur nýttu sér frestinn til að fjölga lögnum úr fjórtán í tuttugu og fjögur.

Flytja við fegursta vatn Ítalíu
Lögin verða loks frumflutt í tvennu

Okkur datt í hug að nú væri kominn tími til að snúa dæminu við og leyfa Ítölum að heyra nýja íslenska tónlist.

lagi í Hannesarholti á laugardag og sunnudag og verður það upptaktur fyrir tónleikaferðalag um Norður-Ítalíu.

„Þar verður flokkurinn fluttur aftur handa ítölskum áheyrendum í þremur tónleikasölum umhverfis Gardavatn, fegursta vatn Ítalíu,“ segir Þorvaldur.

Ferðin til Ítalíu var unnin í samstarfi við hið menningarlega sinnaða ferða-þjónustufyrirtæki Söguferðir. Menningarferðin til Norður-Ítalíu seldist upp á augabragði svo að rösklega þrjátíu íslenskir áheyrendur verða í sölnum umhverfis Gardavatn til að hlýða á söngvabókina auk heimamanna og annarra. Flytjendur verða þau Berta Dröfn Ómarsdóttir sópran og Sigurður Helgi



Oddsson píanóleikari. Tónleikarnir verða kvik-myndaðir fyrir sjónvarp.

Vinna eitt land í einu

Líkt og á fyrri tónleikum Þorvalds og Kristjáns mun skáldið flytja örstutta skýringu á undan hverju ljóði til þess að skýra sam-hengið fyrir áheyr-endum.

„Oftast nær á ljóðatónleikum sem þessum er verið að flytja verk eftir skáld sem eru löngu dauð, en í þessu tilfelli eru

þau bæði sprellumfandi,“ segir hann og hlær. „Í Hannesarholti munum við líka varpa ljóðum skáldsins upp á vegg á bak við sviðið svo áheyrendur geti lesið textana á íslensku um leið og þeir hlýða á lögin á ítölsku.“

En þá er eftir aðalspurningin: Af hverju ítalska?

„Íslendingar elska ítalska tónlist, hvort sem það er Verdi eða Puccini eða Tosti, svo okkur datt í hug að nú væri kominn tími til að snúa dæminu við og leyfa Ítölum að heyra nýja íslenska tónlist,“ segir Þorvaldur kíminn. „Við höfum fengið fyrirsurnir frá Austur-riki og Þýskalandi. Við vinnum eitt land í einu!“ ■

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



MADE IN ITALY

Einstök hönnun

et al.
uni 550



Einstök hönnun
eftir hinn ítalska
Francesco Geraci

uni 550 stólarnir
eru vottaðir fyrir
fyrirtækjanot,
veitingastaði
og hótél.

Stólarnir fást
í ýmsum útfærslum
og margir litir
til á lager.



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 X 22 Kosningaumfjöllun Fréttavaktarinnar.
- 19.30 Saga og samfélag Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rann-sóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e) Farið yfir fréttir dagsins.
- 21.00 X 22 (e) Kosningaum-fjöllun Fréttavaktarinnar.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Price og Blomsterberg
- 13.35 Útsvar 2010-2011 Árborg- Norðurþing.
- 14.30 Söngvaskáld Ólöf Arnalds.
- 15.15 Á meðan ég man
- 15.45 Eitt stykki hönnun, takk
- 16.10 Okkar á milli Guðni Gunn- arsson.
- 16.35 Basl er búskapur
- 17.05 Sannleikurinn um útlitið
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.06 Tölukubbar
- 18.11 Hrúturinn Hreinn
- 18.18 Hvolpasveitin
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins Eurovision 2022. Svartfjallaland.
- 18.52 Vikinglöttó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Upp til agna Matræddarna
- 21.05 Eftir brotlandinguna Un avion sans elle Frönsk spennuþáttaröð frá 2019. Flugvél á leið til Parísar brot- lendir í svissnesku Ölpunum og enginn kemst lífs af nema þriggja mánaða stúlkubarn. Tvö ungboörn voru um borð í vélinni og fjölskyldur þeirra beggja eru sannfærðar um að barnið sem lifði af tilheyrir þeim. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kína. Ný heimsskipan China. A New World Order
- 23.20 Þrælahald nútímans - Börn til sölu Why Slavery?. Sell- ing Children
- 00.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Superstore
- 15.25 Ræktum garðinn Þáttaröð um flest allt það sem tengist görðum og gróðri á Íslandi.
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 No Activity
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 Survivor
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Wolfe
- 22.40 Love Island Australia
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Strange Angel
- 01.20 The Rookie
- 02.05 9-1-1
- 02.50 NCIS. Hawaii
- 03.35 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.25 Claws
- 10.10 Masterchef USA
- 10.50 Margra barna mæður
- 11.20 Matargleði Evu
- 11.50 Um land allt
- 12.25 Nágrannar
- 12.50 Ísskápastríð
- 13.25 The Cabins
- 14.15 Flúr & fólk
- 14.40 Framkoma
- 15.10 Lóa Pind. Battlað í borginni
- 15.50 Ireland's Got Talent
- 16.50 Fósturbörn
- 17.10 Last Week Tonight
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Fávitar
- 19.25 10 Years Younger in 10 Days
- 20.15 Grey's Anatomy
- 21.00 The Teacher Tilfinninga- þrunginn dramapáttur um kennara í ójafnvægi, en líf hennar kollvarpast þegar hún er sökuð um að hafa sængað hjá nemanda sínum.
- 21.50 Gentleman Jack
- 22.45 The Blacklist
- 23.30 Girls5eva
- 00.00 NCIS
- 00.40 The Gloaming
- 01.35 A Black Lady Sketch Show
- 02.00 The O.C.
- 02.45 Claws
- 03.30 Masterchef USA

Oddvitaslagur á Fréttavaktinni á Hringbraut

Oddvitaslagur fimm stærstu bæjarfélaganna á Íslandi heldur áfram á Fréttavaktinni á Hringbraut í kvöld, en þá mætast efstu menn á listum framboðanna á Akureyri. Á fimmtudagskvöld og föstudagskvöld er röðin komin að Hafnarfirði og Reykjavík. Oddvitaslagurinn fer í loftið laust fyrir klukkan 19.00. Umsjón hafa Elín Hirst og Sigmundur Ernir.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 flott
- 5 pex
- 6 sön
- 8 klaufska
- 10 titill
- 11 föruneysi
- 12 fordæða
- 13 uppdiktaði
- 15 auðveldur
- 17 ok

LÓÐRÉTT

- 1 mælieining
- 2 sigra
- 3 temja
- 4 drykkur
- 7 sættir
- 9 gægjast
- 12 böggj
- 14 extra
- 16 vafi

LÁRÉTT. 1 smart, 5 jag, 6 óm, 8 ólagi, 10 ma, 11 líð, 12 kuki, 13 laug, 15 auðger, 17 klafi. LÓÐRÉTT. 1 sjómila, 2 mala, 3 aga, 4 tónik, 7 miðlari, 9 glugga, 12 kuðl, 14 auk, 16 ef.

Sudoku

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7				4	6			
	5		2	1	7	3		

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
			1	9	7			3
	7		4		6			
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 19. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Draumaferðin

Í þessu blaði verða kynntar sannkallaðar draumaferðir fyrir lesendum og ættu margir að finna ferð við sitt hæfi!

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**FULLKOMNASTA
HÚÐMEÐFERÐIN**
OKKAR

NÝTT MED
BAKUCHIOL

9.10
AF
STAÐFESTA
bætt yfirbragð húðarinnar*

- ♥ EYKUR FYLLINGU
- ♥ ENDURMÓTAR ÚTLÍNUR
- ♥ MINNKAR DJÚPAR HLUKKUR



*Niðurstöður eftir 4ja vikna neytendakönnun 47 kvenna á aldrinum 46-62 ára.

Graenmeti o

349

kr./kg

Ný uppskera
frá Ítalíu



Rauð epli í lausu

359

kr./kg


Ný uppskera
frá Hollandi



Perur í lausu

698

kr./pk.



Jarðarber
500 g í pk. frá Hollandi

395

kr./pk.



Lífræn epli
700 g í pk. frá Ítalíu

Lífræn

798

kr./pk.



Bláber
500 g í pk. frá S-Ameríku

Frábært
verð

359

kr./kg

Verð áður
398 kr./kg




Kúrbítur
frá Spáni

BÓNUS

Verð gildir til og með 15. maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

g ávextir



359

kr./kg

Verð áður
498 kr./kg

Ný uppskera
frá Hollandi



Buff tómatar

Ný uppskera
frá Hollandi

359

kr./kg

Verð áður
498 kr./kg



Tómatar í lausu

198

kr./pk.

Verð áður
259 kr./kg



Ný uppskera
frá Hollandi

Kirsuberjatómatar
250 g í pk.

459

kr./kg

Verð áður
498 kr./kg

Paprikur
grænar, rauðar og gular

Ný uppskera
frá Hollandi





RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum, skiptidýnum, sýningareintökum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslunum okkar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rúmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

30-70% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU!

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut



Flosi Jón var formaður FÁSES um árabíl og hefur fylgst með keppninni enn lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úkraínumenn líklegir þótt spár segi ekki allt

Flosi Jón Ófeigsson, fyrrverandi formaður FÁSES, segir spá veðbanka um ótrúlegt gengi Úkraínumanna alls ekki einsdæmi.

odduraevar@frettabladid.is

Úkraínu var spáð 95 prósentu líkum á að komast áfram úr undankeppninni í gærkvöldi, á meðan líkur Íslands voru 38 prósent samkvæmt veðbönkum. Veðbankar telja þá 47 prósentu líkur á sigri Úkraínumanna á laugardagskvöld. Flosi Jón Ófeigsson, fyrrverandi formaður FÁSES, segir þá tölu gríðarlega háa, en þess séu þó önnur dæmi.

„Holland 2019 var með 51 prósentu sigurlikur á sínum tíma,“ segir Flosi og vísar til þess þegar Duncan Laurence kom, sá og sigraði með píanóballöðunni Arcade. Hann segir æfingar hafa sitt að segja um spár veðbanka en í ár voru fyrstu æfingarnar haldnar fyrir luktum dyrum í fyrsta sinn.

Spár ekki nóg

Flosi rifjar upp framlag Rússlands árið 2016 sem spáð var sigri þar til Jamala, fulltrúi Úkraínu, steig á sviði á sinni fyrstu æfingu. „Þá rauk það lag upp,“ útskýrir Flosi.

Hann nefnir górrulluframlag Ítala frá 2017 sem spáð var sigri þar til kom að æfingum. „Þá urðu menn vonsviknir yfir framsetningunni á sviði og Portúgalinn Salvador Sobral skaust upp fyrir hann.“

„Annað dæmi er lagið Toy sem vann með Ísrael. Þar var Kýpur bara lengst uppi í veðbönkum áður en það kom að æfingum. Þær segja rosalega mikið. Þess vegna voru mjög margir hissa á því í ár að fyrstu æfingarnar voru lokaðar og engum blaðamönnum hleypt inn til að sjá æfingarnar.“

Afhverju?

„Ég veit það ekki nákvæmlega en mig grunar að atriðin hafi ekki verið nægilega klár og menn vilja kannski ekki að það fari einhverjar sögur af stað um að eitthvert atriði hafi verið hræðilegt og fokkað öllu upp þannig að þeir vilja nota fyrstu æfinguna í að prófa alls konar tæknileg atriði, ljós, hljóðin og eldtæknina og allt þetta sem er í boði.“

Flosi segir það hafa komið sér vel í ár, þar sem sólin á sviðinu hafi reynst biluð strax í upphafi. „Sem hefur verið erfitt fyrir þó nokkur



Félagarnir í Kalush Orchestra hafa meðal annars gegnt herskyldu undanfarna mánuði. Þeir munu líklega sigra keppnina á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

25
lög verða sungin á ensku.

3
kynnar verða í ár: Alessandro Cattelan, Laura Pausini og Mika.

0
lög eru með orðið love í söngtitlinum. Það er í fyrsta sinn síðan 2011 sem það gerist.

lönd sem hafa nýtt tímann til að aðlagast og laga atriðið sitt.“

Þá segist Flosi hafa haft tröllatrú á Systurum. „Vegna einlæga flutningsins og sterka persónuleikans. Það er sterkt vopn, stundum þarf ekki hamstrahjól eða svaka ljósa-show, stundum þarf bara einlægni eins og Portúgalinn sannaði á sínum tíma.“

Vinna Úkraínumenn þetta?
„Mér þykir það mjög líklegt. Þetta er ekki mín tónlist en lagið er samt það gott að það hjálpar líka og vinnur vel með hinum pólitísku áhrifum. Þeir eru mjög líklegir til sigurs.“ ■

100%
grimuskylda er á viðburðunum.

40
sekúndna póstkortin sem eru spiluð fyrir atriðin hafa fengið gagnrýni vegna áherslu á Ítalíu en ekki listamennina.

6
keppendur hafa áður tekið þátt. Stoyan Yankoulov frá Búlgaríu er að taka þátt í þriðja sinn.





RISA

**Tax
free**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

SÍÐASTI SÉNS!

Taxfree* af snyrtivörum, leikföngum, raftækjum,
bókum, heimilisvörum, fatnaði og skóm
5. – 11. maí

HAGKAUP

Gísli Marteinn gæti lýst Eurovision í hundrað ár

odduraevar@frettabladid.is

Örn Úlfar Sævarsson hugmynda-smiður tekur í dag þátt í ráðstefnu Almennaróms og Samtaka atvinnulífsins um framtíð máltækni í atvinnulífinu. Ráðstefnan er í Silfurbergi í Hörpu í dag og hefst klukkan 14.30 og stendur yfir til 16.30.

„Við stöndum á ákveðnum tíma-mótum og erum búin að leggja gríðarlega vinnu í alls konar orðasöfn og svona grunnhugbúnað,“ segir Örn og líkir vinnunni við þróun íslenskrar máltækni við ísjaka.

Spurður að því hvort Íslendingar geti brátt slökkt ljósin heima hjá sér með íslenskuna eina að vopni segir Örn allt að verða klárt til þess að hægt sé að þróa þá tækni. „Núna er komið að því að fá tæknina inn í hin ýmsu tæki. Það er gríðarlega mikilvægt að íslenskan fái að lifna við í þessum stafræna heimi sem við búum í svo við getum farið að tala við tækin okkar á íslensku.“

Örn segir Eurovisi-on-keppnina frábært dæmi um mögulegan mátt máltækninnar. „Þarna erum við með Gísla Marteinn sem þul, sem tæpir á því helsta og endursegir. En hvað ef við værum bara með sjálfvirka þýðingu?“ spyr Örn og bætir við að það verði brátt möguleiki.

„Eða textað kynnana í rauntíma.



Örn Úlfar Sævarsson segir komið að tímamótum í þróun íslenskrar máltækni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta verður bráðum hægt en þetta er náttúrulega ótrúlega flókin tækni, enda talar fólk á alls konar hátt, er með fjölbreyttar raddir og framburði,“ segir Örn og bætir við að möguleikarnir séu endalausir.

„Kannski vill RÚV bara fá raddsyni frá Gísla Marteini þannig að hann geti lýst þessu næstu hundrað árin,“ segir Örn Úlfar og hlær. „Eða þá að við getum bara valið á milli mismunandi radda, annað hvort Gísli Marteinn eða einhver annar. Tæknin er komin á þann stað að möguleikarnir eru bara endalausir.“ ■



Gísli Marteinn



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum Breiðagerði, frístundabyggð – kynning deiliskipulagstillögu

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum 30. mars s.l. að vísa tillögu á vinnslustigi að deiliskipulagi frístundasvæðis við Breiðagerði í kynningarferli skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja núverandi og fyrirhugaða frístundabyggð á svæðinu. Með tilkomu deiliskipulagsins fyrir svæðið verður hægt að byggja frístundahús sem hefur verið illmögulegt undanfarin ár þar sem ekkert deiliskipulag hefur verið í gildi. Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir á núverandi frístundalóðum og sett ákvæði hvað varðar nýjar byggingar ásamt viðbyggingum við núverandi hús eða endurbyggingar húsa ásamt öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

Skipulagstillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins frá 11. maí til og með 26. maí og verður einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins www.vogar.is Opið hús vegna kynningarinnar fer fram á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins, löndal 2, mánudaginn 16. maí milli kl. 12:00 og 15:00.

Peim sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er hér með gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri í síðasta lagi fimmtudaginn 26. maí 2022. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á Sveitarfélagið Vogar, löndal 2, 190 Vogar eða í tölvupósti á netfangið: byggingarfulltrui@vogar.is

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Fjórtán ára kynnrir Stólana og veit allt um Eurovision

Það er mikið parti þessa vikuna á heimili formanns körfuboltadeildar Tindastóls. Stólarnir spila til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn gegn Val og Eurovision-vikan er hafin. Í báðum viðburðum er fjórtán ára unglingur á heimavelli en Hlifar Óli veit allt um sögu Eurovision og er kynnrir á leikjum Tindastóls.

benediktboas@frettabladid.is

Hlifar Óli Dagsson, fjórtán ára kynnrir á leikjum Tindastóls í úrslitaeinvígi liðsins gegn Val, sló svo sannarlega í gegn þegar Tindastóll jafnaði einvígið í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn. Hlifar Óli settist svo í settið hjá Körfuboltakvöldi á Stöð 2 Sport eftir leik þar sem hann reytti af sér brandarana og sagðist vera fæddur til að vera á sviði.

„Hann er það,“ segir Þyrey Hlífarsdóttir móðir Hlífars. „Hann er mikill leikari, klár á sviðinu og mikill karakter. Hann er fljótur að ná athyglinni hvert sem hann fer,“ segir hún.

Hlifar Óli lék einmitt í Ævintýrabókinni sem Leikfélag Sauðárkróks setti upp þar sem hann lék dverginn Kát og skemmti áhorfendum svo eftir var tekið.

„Hann hefur leikið með leikfélaginu. Hann hefur verið hérna í áhugamannaleikhúsinu og í nokkrum uppsetningum. Honum líður vel á sviði þar sem hann er miðpunktur athyglinnar,“ segir Þyrey.

Pabbi hans, Dagur Þór Baldvinsson, er formaður körfuknattleiksdeildarinnar, og þegar kynnririnn á leikjum Tindastóls forfallaðist var ekkert annað að gera en að rétta guttanum mikrófóninn sem reyndist lítið mál. „Hann er snöggur að hugsa, óhræddur og þekkir alla leikmenn. Hann er ekki með blað þegar hann kynnrir leikmenn inn og veit hvað allir heita og númer hvað þeir eru. Þekkir þjálfara beggja liða og dómara og eins og hann sagði sjálfur á Stöð 2 Sport: hann er bara með þetta,“ segir hún og stoltið leynir sér ekki.

Þyrey segir að móðurhartað hafi



Hlifar Óli stóð á miðjum velli og kynnti leikmenn, þjálfara og dómara með slíkum tilprifum að allir hrifust með.

MYND/HJALTI ÁRNA



Hann er snöggur að hugsa, óhræddur og þekkir alla leikmenn. Hann er ekki með blað þegar hann kynnrir leikmenn inn.

slegið örar þegar hann var búinn að kynna og settist í settið hjá Körfuboltakvöldi með kúrekahattinn í beinni útsendingu. „Ég er mjög stolt af honum. Hann er dásamlegur karakter og hrifur alla með sér.“

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Hlifar Óli slær í gegn í stofum landsmanna því margir muna kannski þegar hann birtist í Alla leið og gat þulið upp keppendur, stig og alls konar fróðleik um Eurovision. Enda var mikið húllumhæ á heimilinu í gær þegar Systur stigu á svið.

„Hann þuldi þar upp hver fór fyrir Íslands hönd og hver vann langt aftur í tímann. Partíið heldur því áfram, bæði í körfunni og Eurovisi-on,“ segir Þyrey. ■

Skipta fjórum sinnum um búning

odduraevar@frettabladid.isx

Kvennakórinn Katla er tíu ára og verður haldið upp á þann áfanga með kórleikhúsi í Tjarnarbíó þann 21. mars. Lilja Dögg Gunnarsdóttir er kórstýra ásamt Hildigunni Einarsdóttur. „Þetta verður gjörsamlega tryllt,“ segir Lilja spurð hvort hópurnir sé ekki spennur fyrir tónleikunum.

„Þetta er náttúrulega kaótískasti kór Íslands, við erum með mjög háleit listræn markmið, bæði í sviðsetningu og söng,“ segir Lilja og tekur fram að sextíu manna kórinn hyggist skipta fjórum sinnum um búninga á tónleikunum.

„Þetta verður algjör sýning. Við erum með ljós, leikmuni og trommu-leikara með okkur. Markmiðið er að valdefla konur upp úr öllu valdi sínu, sjálfið þarf hreinlega að stækka um 27 númer til að taka þátt í þessum gjörningi,“ segir Lilja Dögg hlæjandi.

„Sem er rosalega gott þegar maður



Kórinn býður ekki bara upp á einfalda tónleika heldur sýningu.

MYND/ADSEND

er að stýra sextíu manna kvennakór, sem í eru alls kyns konur og mæður, þá þarf maður hreinlega bara að stíga upp í að vera algjört sviðsdýr,“ segir Lilja.

Kórinn mun taka brot af því besta frá tíu ára sögu kórsins ásamt nýju og spennandi efni. „Við erum með handrit og höfum verið að æfa þetta

á fullu, það er ekki bara músik heldur líka sýningin sjálf,“ segir Lilja.

„Svo er gaman að segja frá því að öll tónlistin er útsett af okkur Hildigunni og einni í kórnum og við erum að flytja tónlist sem enginn annar er að gera. Við erum með efni sérsmiðað fyrir hópinn og það eru algjör forréttindi að vinna með þeim.“ ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

Walk-in N

Öryggi og vellíðan



Stílhrein sturta.

Sturtubotn fáanlegur í mörgu stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng. 8mm hert öryggisgler.

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

Bakþankar



Láru G.
Sigurðardóttir

Dúx í eigin lífi

„Ég held að það hafi haft jákvæð áhrif að flytja ungur til Bandaríkjanna og hverfa inn í fjöldann,“ sagði maðurinn minn þegar ég spurði hann hvernig það að dúxa í menntaskóla hefði mótað hann. „Það fór ekki vel fyrir mörgum sem dúxuðu á svipuðum tíma og ég.“

Prófatíð stendur nú yfir og í kjölfarið má búast við fréttum af hæstu einkunnum. Að vera góður á bókina þykir fint. Að búa yfir mannkostum eins og umhyggju fyrir náunganum fær engin verðlaun. Er þetta séríslenskt? Síðustu ár sóttu drengirnir mínir skóla sem eru á lista yfir þá bestu í Bandaríkjunum. Ég sat nokkrar útskriftir, en aldrei var minnst á einkunnir. Allir voru jafnir að leikslokum. Aftur á móti voru ársfjórðungslega veittar viðurkenningar fyrir að bæta sig í samskiptum og mannkostum. Styrkleikar nemenda voru dregnir fram í sviðsljósið þar sem árgangurinn klappaði, hvatti og samgladdist. Allir stigu upp á svið. Stanford-háskóli hefur sama sið með einkunnir. Fyrir nokkrum árum fór ég þangað á kynningarfund um MBA-nám. Umsjónarkennarinn sagði að eftir að þeir hættu að birta einkunnir hafi ánægja með námið aukist ásamt því að streita minnkaði. Nemendur væru því hvattir til að halda einkunnum fyrir sig.

Er tímaskekkja að mæla verðleika út frá einkunnum? Það er engum hollt að bera sig stöðugt saman við aðra, því einkunnir eru engin trygging fyrir hamingju og velgengni í lífinu. Hins vegar er gæfuríkt að bæta sjálfan sig. Sagt er að allt það sem þú veitir athygli vaxi og dafni. Í stað þess að kynda undir streitu með samanburði við aðra væri þá ekki nær að hvetja ungmenni til að setja sér eigin markmið og keppa að þeim? Keppa við sjálfan sig og verða með því betri manneskja. Og verða dúx í eigin lífi. ■



pappír
umhverfið
prentun



LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

Þeir fiska
sem prófa

Sérsniðnar lausnir fyrir
sjávarútveg með WiseFish



Við hjálpum fyrirtækjum að taka betri ákvarðanir með greiningu gagna og innleiðingu viðskiptalausna. Hafðu samband og við tengjum þig við framtíðina.

wise.is | sala@wise.is

